b. Hann getur gefið álit um hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum. Telji hann um að ræða brot í starfi sem varðar viðurlögum samkvæmt lögum skal hann gera viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.

12. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvaldið, er hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Umboðsmaður nýtur sömu launa og annarra lögkjara og hæstaréttardómari eftir því sem við verður komið. Hann á rétt til biðlauna í þrjá mánuði er hann lætur af starfi.

Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.

14. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsfólk síns embættis. Um fjölda þess og launakjör skal farið eftir reglum sem Alþingi setur skv. 15. gr.

15. gr.

Alþingi setur nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns. Reglur þessar skulu settar með ályktun í sameinuðu Alþingi að loknum tveimur umræðum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboðsmaður Alþingis skal kjörinn í fyrsta sinn skv. 1. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 1988.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 37.03.09, 64.01.02, 64.02.03, 70.15.00, 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00, 97.06.01.
b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.
c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.
d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 15 19. mars 1987

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Alþingi 109. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, fimmtudag 19. mars 1987.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði nr. 94 16. október 1985, samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986, um skipun og skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 94 frá 16. október 1985, samanber breyting á forsetaúrskurði nr. 2 frá 24. janúar 1986, um skipun og skipting starfa ráðherra að Þorsteinn Pálsson, fjármálaráðherra fer með ráðherrastörf þau, sem Albert Guðmundssyni voru falin í nefndum ráðherraúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytinu, 24. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Heimilt er að endurskipa vitamálastjóra svo oft sem verða vill.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda er skipaður verður vitamálastjóri í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Stjórnartíðindi A4, nr. 8—18. Útgáfudagur 25. mars 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1987

24. mars 1987 33 Nr. 19

LÖG

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Leyfi til reksturs skal bundið við ákveðin landsvæði, m.a. með hliðsjón af samgöngum, fjarlægðum milli verstöðva og fjölda fiskvinnslufyrirtækja.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn og er leyfishafa jafnframt skylt að reka markað allt leyfistímabilið.

2. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og hafa haft fasta búsetu á Íslandi s.l. tvö ár.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs enda sé allt hlutafé í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

5. gr.

Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum skv. ákvæðum II. kafla l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutryggingar af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1989.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

Nr. 20 26. mars 1987

LÖG

um sjómannadag.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr.

Strandferðaskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

4. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

5. gr.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.

6. gr.

Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Brot gegn lögunum varða sektum í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

24. mars 1987 Nr. 21

LÖG

um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni.

Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. málsl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 bandaríkjadali á tonn fob.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálft prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. laga þessara öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá 15. janúar 1987. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. júní 1987, en fram til þess tíma gildir ákvæði 3. gr. laga nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks, nr. 49 20. apríl 1963, falli úr gildi.

2. gr.

Eignir byggingarsjóðs aldraðs fólks og útistandandi kröfur skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkurnarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

24. mars 1987 Nr. 23

LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Barnið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaganna,

nr. 9 frá 15. apríl 1981, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

Nr. 24 26. mars 1987

LÖG

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal rennа til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjárins til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

VAXTALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé kveðið á í lögum.

2. gr.

Auk vaxta taka lög þessi til annars endurgjalds sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

3. gr.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara um ákvörðun vaxta gilda því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju.

II. KAFLI

Almennir vextir.

4. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfum fram að gjalddaga þeirra að það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum.

5. gr.

Þegar samið er um vexti af peningakröfu, en ekki tiltekin fjárhæð þeirra, skulu vextir vera jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma sem til skuldar er stofnað.

6. gr.

Sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skal miða við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

7. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og skulu þeir nema vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er atvikið átti sér stað. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik átti sér stað ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

8. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum ber án tafar að tilkynna Seðlabanka Íslands um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði í aðgengilegu formi öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega, svo og vegið meðaltal þeirra, svo sem áskilið er í lögum þessum og skal hver tilkynning lögð til grundvallar samkvæmt lögunum næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

III. KAFLI

Dráttarvextir.

9. gr.

Dráttarvextir skulu reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga hennar, sé hann fyrir fram ákveðinn, fram að greiðsludegi.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðast við, ekki til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 15. gr. um skaðabætur.

10. gr.

Dráttarvextir af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

Viðskiptaráðherra setur, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um grundvöll og útreikning meðalávöxtunar og dráttarvaxta samkvæmt grein þessari og 11. gr.

11. gr.

Dráttarvextir af löglegum peningakröfum í erlendum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og meðalvaxta viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,05 til 1,10.

Um útreikning Seðlabanka Íslands á meðalávöxtun og ákvörðun dráttarvaxta skv. 1. mgr. greinarinnar, birtingu útreiknings og gildistíma dráttarvaxta fer eftir ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga þessara.

Sé um gjaldmiðil að ræða sem ekki er gefinn kostur á að eiga á innlendum gjaldeyrisreikningi hér á landi eða gjaldmiðil sem ekki er skráður hér á landi skal miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.

12. gr.

Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

13. gr.

Ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

14. gr.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist má, þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

15. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

16. gr.

Þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu almennir vextir, verðbætur eða annað umsamið álag falla niður.

IV. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr.

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þeirra sem bera fyrir sig eða framselja samning eins og þar er lýst eða hafa af honum óréttmætan ávinning. Um hlutdeild í brotum að öðru leyti og um tilraun til brota fer eftir III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

18. gr.

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi áskilur sér hærri dráttarvexti en leyfilegt er samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir mikla varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. taka til brota gegn þessari grein, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti telst ólögmætur er sá samningur ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Oftekna vexti fram að gjalddaga skuldar skal þá miða við það sem er umfram hæstu auglýstu útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða á hliðstæðum lánum á þeim tíma er til skuldar var stofnað.

20. gr.

Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

V. KAFLI

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. lög nr. 71/1965 og lög nr. 56/1979, um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Refsiákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., skal halda gildi sínu um þau opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað til refsingar samkvæmt ákvæði þessu og ekki hafa hlotið fullnaðardóm við gildistöku laga þessara.

II

Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðir dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma og skulu þá dráttarvextir þessir fara eftir 10. gr. laga þessara.

Komi fram í lánssamningi um verðtryggt lán, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að verðtrygging skuli haldast ef greiðsludráttur verður skal regla 16. gr. laga þessara gilda allt að einu um lánssamning þennan.

III

Nú segir í lánssamningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir af láni fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfða vexti á hverjum tíma eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma og skulu þá vextir af þessum lánum eftir gildistöku laganna verða jafnháir vegnu meðaltali vaxta af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Nú verður lögreglumaður skaðabótaskyldur fyrir tjón sem verður við löggæslu og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann og geta dómstólar þá fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

27. mars 1987 Nr. 27

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1986, orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en lánsumsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðabundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum. Hið sama gildir um lánsrétt þeirra sem hverfa tímabundið frá störfum vegna endurmenntunar eða annars náms, enda hafi þeir átt lánsrétt áður, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr., eiga hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Áður en gengið er frá lánssamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast, og/eða íbúðir verða veðhæfar, þó þannig að úthlutun til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn gangi fyrir úthlutun annarra lána samkvæmt nánari reglum sem settar skulu í reglugerð. Heimilt er að skipta láninu í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.

2. gr.

13. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 54/1986, orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hverrar íbúðar 2 100 000 kr., en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hverrar íbúðar 700 000 kr. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða

mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.

b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hverrar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.

c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar skulu skerðast um 2% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 180 m^2 brúttó að frádregnum bílskúr. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar skilgreindur í reglugerð þar sem tekið verði skýrt fram hvert sé nýtingargildi húsnæðis.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt skv. a-lið 1. mgr. 4. gr., sbr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1986.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

3. gr.

14. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 54/1986, orðast svo:

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Þegar einstaklingar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og það hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn á rétt á láni sem nemur 70% af lánum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er samkvæmt þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim aðilum sem reka stofnanir, svo sem fyrir öryrkja eða fatlaða, enda hafi viðkomandi stofnun hlotið starfsleyfi hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama gildir um kaup á íbúðum fyrir öryrkja eða fatlaða. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við hámarkslán skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1987 er heimilt að undanþiggja þá námsmenn, sem verið hafa í námi er veitti þeim rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skilyrðum um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs í 20 mánuði samtals á undanförnum 24 mánuðum. Sama á við um þá námsmenn sem lögðu inn lánsumsókn á tímabilinu september til desember 1986.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

Nr. 28 27. mars 1987

LÖG

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagnigu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

1987	6%
1988	5%
1989	5%
1990	5%
1991	5%
1992	5%

og gildir það uns endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

1987	3%
1988	4%
1989	4%
1990	4%
1991	4%
1992	4%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu fimm laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼ ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekanda.

Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja launþegans skal atvinnurekandi tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma sem vinnuveitandi ákveður skv. 5. gr. skal hann sanna forföll sín með læknisvottorði. Getur starfsmaður þá

krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma á hann rétt á að fá orlofslaun sín greidd ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári.

Orlofslaun reiknast við hverja launagreiðslu þannig að af heildarlaunum reiknast orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof skv. 3. gr. Reiknuð orlofslaun fyrir hvert launatímabil skulu kauptryggð þannig að deilt skal í fjárhæð áunninna orlofslauna með dagvinnukaupi starfsmannsins. Orlofslaun fyrir hvert launatímabil reiknast samkvæmt þessu í dagvinnutímum og skulu þau skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtala áunninna orlofslauna frá upphafi orlofsárs og orlofslaun vegna þess greiðslutímabils.

Launþega skulu greidd áunnin orlofslaun samkvæmt framanskráðu næsta virkan dag fyrir töku orlofs og greiðast þau miðað við dagvinnutímakaup starfsmannsins eins og það er fyrsta dag orlofsins.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram, enda sé meiri hluti þeirra því samþykkur. Þá er stéttarfélögum einnig heimilt að semja um þá framkvæmd að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega hjá banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, til launþega við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

Orlofslaun reiknast ekki af orlofslaunum.

8. gr.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri á meðan á orlofi stendur vegna þess að starfsfólki er veitt orlof samtímis og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki karfist launa eða orlofslauna fyrir þá daga sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofslauna launþega sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. gr. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til félagsmálaráðuneytisins með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ráðuneytið skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ráðuneytið innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ráðuneytinu var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir, jafnháir þeim sem Seðlabanki Íslands ákveður, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ríkissjóðs vegna innleystrar orlofslaunakröfu má taka lögtaki, sbr. l. nr. 29 16. desember 1885. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabú vinnuveitandans.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsal orlofslauna og flutningur þeirra á milli orlofsára er óheimilt.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1988. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 87/1971, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um hvernig uppgjör áunnins orlofsfjár fram til 30. apríl 1988 skv. lögum nr. 87/1971, með áorðnum breytingum, og reglugerð nr. 150/1972, með áorðnum breytingum, skuli háttað. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

Nr. 31 27. mars 1987

LÖG

um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Flugmálaáætlun.

1. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum flugráðs og flugmálastjóra tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir sameinað Alþingi svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugmálaáætlun öðlast gildi er Alþingi hefur samþykkt hana.

Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og afgreiða tillöguna sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún endurskoðuð og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir að minnsta kosti tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, nýbyggingar flugvalla og búnaður fyrir flugleiðsögu og flugumferðarstjórn á gildistíma áætlunarinnar. Enn fremur áætlaður kostnaður við viðhald flugvalla og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Ráðherra tilkynnir flugmálastjórn í janúar ár hvert hve háa fjárhæð skuli miða við þegar gerð er áætlun um framkvæmdir fyrir næsta ár.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal verkefnum skipað í eftirfarandi flokka:

Áætlunarflugvellir I.
Flugvellir með 1800 m flugrein og lengri.
Áætlunarflugvellir II.
Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein.
Áætlunarflugvellir III.
Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein.
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Flugvellir með allt að 800 m flugrein.
Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta.
Allur búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.
Önnur flugmálastarfsemi.
Öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að framan er talin.

4. gr.

Ráðherra skal leggja skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir hvert reglulegt Alþingi.

II. KAFLI

Fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

5. gr.

Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.

Eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

6. gr.

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

7. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan tveggja ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

8. gr.

Flugvallagjald skal vera 750,00 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda ákvæði 9. gr.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

9. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða gjald er nemi 100,00 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir.

Flugvallagjalds skv. 1. mgr. skal getið í verði farseðils.

10. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess ber ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda fulltrúa flugmálastjórnar á flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 7. gr. eða greiða skuli hálft gjald skv. 8. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

11. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða fulltrúa flugmálastjórnar fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Flugvallagjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 9. gr., skal greiða til flugmálastjórnar eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

13. gr.

Sé flugvallagjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá sem gjaldinu ber að skila greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa flugmálastjórnar lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjaldi fylgir lögtaksréttur.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningstæki hans undir innsigli.

14. gr.

Tekjum af flugvallagjaldi skal varið einungis til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

15. gr.

Sérstakt gjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

16. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara skal ráðstöfun tekna vegna flugvallagjalds á fjárlögum ársins 1987 standa óbreytt. Hækkun flugvallagjalds skv. 9. gr., sem nemur 82 kr. á hvern farþega, skal renna til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, sbr. 14. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

27. mars 1987 Nr. 32

LÖG

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi gilda til 31. des. 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

1. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.

II. KAFLI

Um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

3. gr.

2. tölul. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri, er 1. tölul. greinir, frá þeim degi er hann greiddi hana.

III. KAFLI

Um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

4. gr.

2. tölul. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

5. gr.

2. tölul. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

27. mars 1987 Nr. 34

LÖG

um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastjórar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.

Umdæmisstjórar annast rekstur póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunar í umdæminu sem þeim er falinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum fyrirmælum er gilda um stofnunina.

5. gr.

7. gr. laganna falli brott.

6. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

8. gr.

4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 35

LÖG

27. mars 1987

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Annar og þriðji málsliður 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um listmunauppboð o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppboðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

4. gr.

Leyfishafar eða uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Leyfishafar skulu kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppboðs.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Þegar uppboð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

6. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
c. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 37 27. mars 1987

LÖG

um breyting á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. tölul. 15. gr. verði svohljóðandi:

Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, að jafnaði kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a.m.k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. ákvæði 1. og 3. tölul. 62. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði 62.–65. gr. laga nr. 75/1981 skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn samkvæmt ákvæðum 66. gr. laga nr. 75/1981 skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

2. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 75/1981, skal vera 2% af útsvarsstofni.

3. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Sá hundraðshluti af tekjum, sem innheimtur er jafnóðum til greiðslu útsvars hvers árs, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal ákveðinn í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Skal hann áður leita tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka tillit til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári, en reglugerðin skal gefin út fyrir 15. nóvember ár hvert og taka gildi 1. janúar næstan á eftir.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir hvert almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári. Að lokinni afgreiðslu fjárhagsáætlunar skal tilkynna ríkisskattstjóra um ákvörðun sveitarstjórnar.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var við gerð fjárhagsáætlunar ársins um allt að 10% að fengnu samþykki félagsmálaráðherra. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng og fullnægt er skilyrðum 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins.

Tilkynning um breytingar á útsvari skv. 3. og 4. mgr. skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

4. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um

lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað, fellt niður eða endurgreitt álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, ríkisskattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

5. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara að svo miklu leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, skulu greiða það sem vangoldið er á þeim gjalddaga eða gjalddögum sem sveitarstjórn ákveður.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldanda fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

6. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Útsvör skulu greidd á tekjuári skv. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða, en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarsjóði.

Endurgreiðsla sveitarsjóðs skal innt af hendi í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu sveitarsjóðs um útsvar í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981 um verðbætur skulu eiga við um endurgreiðslur eða viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir. Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, eru skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar endanlega álögðu útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

34. og 35. gr. laganna falli niður og greinatala breytist til samræmis við það.

8. gr.

39. gr. laganna, sem verður 37. gr. þeirra, orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu aðstöðugjalda.

Aðstöðugjald skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að aðstöðugjald skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 28., 29., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1989 vegna tekna á árinu 1988. Ákvæði 3. gr. taka þó gildi 1. október 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um innheimtu ógoldinna sveitarsjóðsgjalda, sem á hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1988, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, fram að gildistöku þessara laga. Sama á við um innheimtu útsvars sem á verður lagt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga,sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

Nr. 40 27. mars 1987

LÖG

um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 2 676 000 kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1988 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1988. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í fyrsta sinn við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðað við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um vísitölu byggingarkostnaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu byggingarkostnaðar. Vísitalan skal reist á þeim grunni sem Hagstofan ákveður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Grunnur vísitölunnar skal miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis. Auk þess er Hagstofunni heimilt að reikna vísitölur sem miðast við aðrar gerðir húsa, byggingarmannvirkja eða hluta þeirra.

2. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar skal miðuð við byggingarkostnað á höfuðborgarsvæði. Vísitalan skal reiknuð samkvæmt verðlagi um miðjan hvern mánuð og gilda í mánaðartíma frá fyrsta degi mánaðarins næsta eftir útreikningsmánuð. Vísitalan skal reiknuð og birt með einum aukastaf.

3. gr.

Hagstofan skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á grundvelli vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga.
Sé ákveðið að breyta um grunn vísitölunnar skal Hagstofan ákveða og birta opinberlega hvernig vísitalan, miðuð við hinn nýja grunn, skuli tengd eldri vísitölum byggingarkostnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 18/1983, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. þessara laga um mánaðarlegan útreikning og gildistíma vísitölu byggingarkostnaðar breyta ekki gildi ákvæða um verðbætur í skuldabréfum, verksamningum og þess háttar sem sett eru í samræmi við fyrri lög um vísitölu byggingarkostnaðar. Sé ekki um annað samið skulu þær verðbætur, sem hér um ræðir, því miðast við vísitölur sem gilda í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október og skal hver vísitala þá gilda í þrjá mánuði hvert sinn.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 43 30. mars 1987

LÖG

um lögskráningu sjómanna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

Lögskráning fer fram á útgerðarstað skips.

2. gr.

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík er tollstjóri lögskráningarstjóri. Utan heimilisþinghár sinnar er lögreglustjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð ef þess gerist þörf.

Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til lögreglustjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi

sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot með símskeyti til hlutaðeigandi skipstjóra og lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju ári sem skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn enda þótt engin breyting verði á skipshöfn.
3. Hvert sinn sem nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til viðkomandi lögskráningarstjóra.

   Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns þegar ráða verður mann á íslenskt skip erlendis skal skipstjóri þegar tilkynna það til viðkomandi lögskráningarstjóra.
4. Hvert sinn, sem sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn er veru skipaverja um borð lýkur, hvort heldur er vegna ráðningarslita eða um stundarsakir, vegna orlofs, slyss, veikinda eða ef skip er ekki í förum um stundarsakir vegna t.d. bilana, viðgerða, endurbóta eða skipi er af öðrum ástæðum ekki haldið úti.

6. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Hann má eigi leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Þegar svo er ástatt sem segir í 4. tölul. 4. gr. og skipstjóri er eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram skal útgerðarmaður sjá um að lögskráð sé.

II. KAFLI
Framkvæmd lögskráningar.

7. gr.

Við fyrstu árlegu lögskráningu í skiprúm skv. 2. tölul. 4. gr. skal sýna lögskráningarstjóra eftirtalin gögn:

1. Atvinnuskírteini skipstjóra.
2. Mælibréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini eða starfsleyfi þeirra manna er lögskráðir skulu og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu sem þeir eru ráðnir til.
4. Útfyllta skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum.
5. Sjóferðabækur þeirra manna er lögskráðir skulu.
6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Þegar nýir menn eru lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð skal þeim bætt við á skrána meðan hún endist en á aukaskrá sé hún fullrituð. Skal þess þá getið í aðalskránni að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um sjóferðabækur skipverja fer eftir ákvæðum sjómannalaga og laga um atvinnuréttindi við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða er settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skulu allir þeir sem lögskrá á til starfa, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá.

Þegar lögskráð er í skiprúm við fyrstu skráningu á árinu skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. er skipverjum eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver skipverja krafist þess að vera viðstaddur er hann skal lögskráður og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

11. gr.

Að lokinni lögskráningu skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrárinnar með áritun sinni.

12. gr.

Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn skal hann eða útgerðarmaður skipsins tilkynna lögskráningarstjóra, innan 24 klst., nöfn mannanna og annað sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Skipstjóra er einnig heimilt innan þess tíma að kalla upp næstu strandarstöð og lesa upp nöfn þeirra og störf sem um borð eru. Strandarstöðin skal síðan bera þau boð til viðkomandi lögskráningarstjóra.

Jafnframt skal skipstjóri færa nöfn skipverja og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni sem er í skipinu. Skulu þeir sem þannig eru lögskráðir samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skráningarstjóri bera eintak skipstjóra saman við frumeintak sitt og tilkynningar sem honum hafa borist.

13. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Ef skipverji er eigi viðstaddur skal skipstjóri tafarlaust láta hann vita um lögskráninguna. Ber skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi ef um er deilt.

Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja er slíkrar skráningar er óskað nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um að þeir séu því samþykkir.

Sé ráðningu skipverja sannanlega lokið eða hann verður frá störfum vegna slyss eða veikinda eða fer í orlof ber útgerðarmanni eða skipstjóra eigi skylda til að tilkynna viðkomandi skipverja um lögskráningu úr skiprúmi.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

14. gr.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir útgerðarmaður eða hlutaðeigandi sjómaður sjálfur en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

15. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt, sé þess óskað, að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

16. gr.

Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það en við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar en bera má þá ákvörðun undir dómstóla.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

18. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63 29. mars 1961, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um veitingu prestakalla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um val á sóknarpresti.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættis, sbr. 7. gr., auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndarmönnum prestakallsins skrá yfir þá er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið nefnir biskup til annan prófast í hans stað.

3. gr.

Kjörmannafundur er lokaður og stýrir prófastur honum.

Á fundinum skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar og eru umsagnirnar algjört trúnaðarmál.

Að lokinni athugun gagna fer fram val á umsækjanda þegar á þeim fundi eða í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa ef ósk um frestun kemur fram frá kjörmanni eða prófasti.

Atkvæðagreiðslan er leynileg.

Prófastur afhendir hverjum kjörmanni atkvæðaseðil og setur kjörmaður kross fyrir framan nafn þess er hann velur. Að loknu vali eru atkvæði talin á kjörmannafundi. Ef umsækjandi er einn telst val hans bindandi hafi hann hlotið ⅔ atkvæða.

Ef umsækjendur eru fleiri nægir helmingur atkvæða.

Nú eru umsækjendur þrír eða fleiri og enginn hefur hlotið helming greiddra atkvæða og skal þá endurtaka valið bundið þannig að sá sem fæst atkvæði hefur hlotið við síðustu atkvæðagreiðslu fellur úr.

Nú er valið milli tveggja umsækjenda og hvorugur hlýtur helming greiddra atkvæða og er þá valið ekki bindandi.

Nú vill meiri hluti kjörmanna hafna umsækjendum með því að skila auðum atkvæðaseðlum og er þá ráðherra óheimilt að veita embættið.

4. gr.

Að loknum kjörmannafundi skal prófastur hlutast til um að sóknarnefnd eða nefndir hlutaðeigandi prestakalls kynni á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt, innan sjö daga frá því að fundi lauk, hver hafi verið valinn eða hverjir hafa hlotið flest atkvæði sé valið eigi bindandi.

5. gr.

Nú berst skrifleg ósk um það frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan sjö daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 4. gr., að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn, sbr. 9. gr., um það. Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

6. gr.

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum, sbr. 5. gr., og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar ásamt staðfestingu þess að niðurstöður hafi verið kynntar, sbr. 4. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöður kjörmannafundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups.

II. KAFLI

Um köllun.

7. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat án umsóknar gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð en hann tilkynnir biskupi sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættis sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandídat sem í hlut á. Taki hann köllun skal veita honum embættið tímabundið en eigi lengur en til fjögurra ára í senn.

III. KAFLI

Um kosningu.

8. gr.

Jafnskjótt og prófastur hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 5. gr., skal hann hefja kosningarundirbúning.

Biskup ákveður í samráði við prófast hvenær kosning skuli fara fram. Biskup annast prentun kjörseðla. Sendir hann prófasti hæfilegan fjölda kjörseðla. Prófastur sendir síðan kjörstjórnum. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Prófastur auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Nú er prófastur í kjöri og tilnefnir þá biskup annan í hans stað. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

9. gr.

Í hverri sókn skal vera kjörstjórn skipuð þremur mönnum, kjörnum af sóknarnefnd á fyrsta fundi eftir hverjar kosningar til sóknarnefndar. Sóknarnefnd kýs formann kjörstjórnar.

Heimilt er sóknarnefnd að skipta sókn í kjördeildir. Skal þá kjósa þriggja manna undirkjörstjórnir er annist framkvæmd kosninga í hverri kjördeild. Enn fremur er sóknarnefndum heimilt að sameinast um kjördeild að fengnu samþykki prófasts.

10. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal vera yfirkjörstjórn skipuð prófasti og tveimur mönnum kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum varamönnum. Að jafnaði skal vera löglærður maður í yfirkjörstjórn.

11. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

12. gr.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent formanni kjörstjórnar kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal formaður senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærunni.

13. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfirkjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

14. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næstan á undan og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram, sbr. 7. og 10. gr. laga nr. 25/1985.

15. gr.

Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá formönnum kjörstjórna eða öðrum úr kjörstjórn er formaður tilnefnir.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir í samráði við prófast hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

17. gr.

Þegar að lokinni kosningu sendir kjörstjórn yfirkjörstjórn kjörkassa, fundargerðir og önnur kjörgögn. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Yfirkjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók. Biskup sendir kirkjumálaráðherra úrslitin ásamt umsögn sinni.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða er kosningin bindandi og fær kjörinn prestur veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra veitinguna.

18. gr.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti. Kjósendur, sem hafna vilja honum, skila auðum atkvæðaseðli.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði en umsækjandi fær ekki fullan helming greiddra atkvæða er óheimilt að veita honum embættið.

19. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagna kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.

20. gr.

Með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 frá 14. ágúst 1959, gilda um framkvæmd prestskosninga.

21. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 32 frá 3. nóvember 1915, um veitingu prestakalla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Upphafsákvæði.

1. gr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári nema annað sé tekið fram.

I. KAFLI
Gildissvið og aðild.

Gildissvið.

2. gr.

Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum tekur til:

A. Tekjuskatts manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, af skattskyldum tekjum skv. 1. tölul., 1. og 2. málsl. 2. tölul., 3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. A-liðs 7. gr. án nokkurs frádráttar, sbr. þó 2. og 3. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr. þeirra laga. Enn fremur til tekjuskatts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi, sbr. ákvæði 2. og 3. tölul. 71. gr. þeirra laga.

B. Útsvars samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Aðilar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem gjaldskyldir eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 2. gr. og til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem greiða laun eða annast milligöngu á greiðslum sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 2. gr.

Launamaður.

4. gr.

Launamaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris.
2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina.
3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaðabætur og vátryggingabætur.
4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti.

5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.
6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og nýtur tekna sem um getur í 6. tölul. 5. gr.

Laun.

5. gr.

Til launa samkvæmt lögum þessum telst:

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.
2. Endurgjald sem maður skal reikna sér, maka sínum eða barni innan 16 ára aldurs vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
3. Tryggingabætur og styrkir. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
4. Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.
5. Verðlaun og heiðurslaun, skattskyldir vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni.
6. Greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og getið er um í 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Reiknað endurgjald.

6. gr.

Ríkisskattstjóri ákveður lágmark reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., í staðgreiðslu samkvæmt viðmiðunarreglum sem hann ákveður fyrir upphaf staðgreiðsluárs, sbr. 3. mgr. Lágmarki reiknaðs endurgjalds skal ríkisskattstjóri breyta á staðgreiðsluári í samræmi við þróun launa og tekna í viðkomandi starfsgrein.

Telji skattstjóri að reiknað endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., sé lægri fjárhæð en ætla mætti að launatekjur launamanns hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launamaður hjá óskyldum aðila skal hann ákvarða honum endurgjald fyrir starfið með hliðsjón af viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra, sbr. 3. mgr. Skattstjóri getur breytt ákvörðun sinni samkvæmt þessari málsgrein að fengnum skriflegum skýringum á reiknuðu endurgjaldi, studdum nauðsynlegum gögnum.

Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess hvort bændur nái heildartekjum grundvallarbúsins vegna þróunar afurðaverðs eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra.

Launagreiðandi.

7. gr.

Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun skv. 5. gr.

Ef milligöngumaður, sbr. 3. gr., annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum launagreiðanda varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Staðgreiðsla launamanns.

8. gr.

Staðgreiðsla launamanns, sbr. 4. gr., af launum, sbr. 5. gr., nær til tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að ákveðin laun eða tegund launa, sem 5. gr. nær til, skuli ekki falla undir staðgreiðslu.

Launagreiðandi, sbr. 7. gr., skal sjá um staðgreiðslu fyrir hönd launamanns samkvæmt ákvæðum 15. gr., sbr. 20. gr.

Mismunur staðgreiðslu og álagningar.

9. gr.

Þau hlutföll, sem ákvörðun staðgreiðslu á staðgreiðsluári skal byggð á, eru skatthlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sem félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð samkvæmt heimild í 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Ákvörðun þessi skal tilkynnt ríkisskattstjóra fyrir 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári.

Að tekjuári loknu skal fara fram ákvörðun og álagning tekjuskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Mismun, sem fram kann að koma milli staðgreiðslu og álagningar, skal krefja eða endurgreiða, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum VIII. kafla.

Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars þeirra aðila sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., sbr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, er fullnaðargreiðsla nefndra gjalda þessara aðila hér á landi án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning þeirra hjá þessum aðilum nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

II. KAFLI

Tilhögun staðgreiðslu.

Gjaldskylda launamanna.

10. gr.

Gjaldskyldu launamanna á staðgreiðsluári skal miða við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Sama gildir um launamann sem nær 16 ára aldri á staðgreiðsluári, svo og þá launamenn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu og þá sem skattskyldir eru á staðgreiðsluárinu skv. 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattkort.

11. gr.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skattkort fyrir hvern launamann þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. desember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Skattkort manna, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á tilkynningu þeirra um aðsetursskipti eða á annan fullnægjandi hátt að dómi ríkisskattstjóra.

Þeir menn og aðilar, sem skattskyldir eru hér á landi skv. 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tölul. 71. gr. þeirra laga, sbr. og 6. tölul. 4. gr. og 6. tölul. 5. gr., geta farið fram á að fá sérstök skattkort, gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í kröfugerð þeirra til ríkisskattstjóra. Kröfugerðin skal sett fram fyrir lok þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári eða eigi síðar en mánuði áður en fyrsta greiðsla eða afhending verðmætis á sér stað á staðgreiðsluári.

Á skattkorti skal, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram skatthlutfall tekjuskatts, sbr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skatthlutfall útsvars samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga og upplýsingar um persónuafslátt viðkomandi launamanns, sé um hann að ræða, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttarins sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Ef skattstjóri synjar beiðni launamanns að öllu leyti ber honum að endursenda launamanninum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.

Afhending skattkorts, aukaskattkort.

12. gr.

Ef maður, sem um ræðir í 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr., telur sér til tekna sem reiknað endurgjald lægri fjárhæð en nemur reiknuðu endurgjaldi, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 2. tölul. 5. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 6. gr. þeirra, eða lægri fjárhæð en nemur ákvörðun skattstjóra skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga, án þess að nauðsynlegar skýringar fylgi framtali að mati skattstjóra, skal skattstjóri hækka reiknað endurgjald til samræmis við reiknað endurgjald manns á staðgreiðsluári eða í samræmi við fyrri ákvörðun sína, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og tilkynna gjaldanda þar um. Skattstjóri skal við ákvörðun sína samkvæmt þessari grein gæta aðstöðu

viðkomandi manns, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- eða örorkulífeyrisþega samkvæmt þessari grein skal þess gætt að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

7. gr.

1. og 2. tölul. 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A-lið 1. mgr. 30. gr.
2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tölul. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr.

8. gr.

2. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:

Þær tekjur barns, sem um ræðir í 1. tölul. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 1. tölul. A-liðs 1. mgr. 30. gr., skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

9. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. sem hér segir:

1. Af tekjuskattsstofni reiknast 28,5%.
2. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst persónuafsláttur skv. A-lið 68. gr.
3. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.

Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

10. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

A

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 138 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar makans bætast við persónuafslátt hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um ráðstöfun persónuafsláttar launamanna á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í reglugerðinni skal og kveðið á um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili. Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur á milli mánaða á staðgreiðsluári.

B

Menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, skulu njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er veittur skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 200 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Í stað þess að draga sjómannaafslátt frá álögðum tekjuskatti vegna tekjuársins getur fjármálaráðherra ákveðið að ríkissjóður greiði þeim sem rétt eiga á sjómannaafslætti fjárhæð ársfjórðungslega á tekjuárinu er svarar til áunnins sjómannaafsláttar samkvæmt upplýsingum frá lögskráningarstjóra. Greiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal koma til frádráttar sjómannaafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun, skilagreinar og vottorð frá lögskráningarstjóra, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

Hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki eru lögskráðir, skulu njóta sjómannaafsláttar. Þó skulu þeir ekki njóta greiðslna sem um ræðir í 2. mgr. þessa stafliðs.

11. gr.

69. gr. laganna orðast svo:

A

Barnabætur.

1. Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 12 625 kr. með fyrsta barni en 18 910 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 12 625 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en að framan greinir, þó að lágmarki 37 820 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld fyrri ára.

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta og skuldajöfnun þeirra á móti vangoldnum opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. Vegna barna, sem um ræðir í 1. tölul., skal ríkissjóður að lokinni álagningu greiða framfæranda barns sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. þessa töluliðs uppfyllt.

Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 25 250 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður tekjuskattsstofn hjóna nær 865 714 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er tekjuskattsstofn foreldris nær 704 964 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 620 333 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 143 087 kr.

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Að öðru leyti skulu ákvæði 4.–7. mgr. 1. tölul. þessarar greinar gilda um barnabótaauka.

B

Húsnæðisbætur.

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum, enda séu öll eftirgreind skilyrði uppfyllt:

1. Um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast.
2. Íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota.
3. Íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Húsnæðisbætur skulu vera 55 000 kr. á ári vegna hverrar íbúðar.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging íbúðarhúsnæðis er hafin eða það keypt, sé um notað íbúðarhúsnæði að ræða, og varir í sex ár frá og með því ári.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald bótaþega á viðkomandi íbúð. Selji bótaþegi íbúð, sem húsnæðisbætur miðast við, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði falla bótagreiðslur til hans niður. Ónýttur bótaréttur skal þá geymast þar til hann hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Húsnæðisbætur skulu skiptast til helminga á milli hjóna sem skattlögð eru skv. 63. gr. og sambýlisfólks sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. og að jöfnu á milli þeirra einstaklinga sem eru sameigendur íbúðarhúsnæðis sem húsnæðisbætur miðast við.

Húsnæðisbætur skulu greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin ógoldin þinggjöld fyrri ára.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um skilyrði fyrir útborgun húsnæðisbóta, fyrirkomulag útborgana og fjölda þeirra á hverju ári.

12. gr.

69. gr. A, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1986, falli niður.

13. gr.

Í stað „5. tölul.“ í 1. mgr. 70. gr. komi: 2. tölul.

14. gr.

a. Í stað „35%“ í fyrri mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 20%.
b. Í stað „20%“ í síðari mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 13%.

15. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar og ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

1.–4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda, sem um ræðir í 1. mgr., gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans hafa hliðsjón af tekjubreytingum sem orðið hafa svo og almennu efnahagsástandi. Hjá þeim sem inna af hendi staðgreiðslu skal hundraðshlutinn þó reiknast af mismun álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hafi aðrar tekjur gjaldanda en launatekjur á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Á sama hátt má kveða á um að fyrirframgreiðsla, sem ekki nær tilteknu lágmarki, skuli ekki innheimt. Jafnframt er heimilt að takmarka fyrirframgreiðsluskyldu við þá sem ekki ber að inna af hendi staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

17. gr.

2. mgr. 112. gr. laganna orðast svo:

Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur eða við endurákvörðun þessara sömu skatta að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári.

18. gr.

1. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr.

121. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr. og 69. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. lög nr. 13/1979, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári.
2. Hinn 1. júlí á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. febrúar 1987, þ.e. 1594 stig, og þeirri sem í gildi verður hinn 1. desember 1987.

Mismunur, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á tekjuári og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á álagningarári. Mismunur, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal á sama hátt taka sömu hlutfallslegri breytingu miðað við sömu tímamörk. Komi í ljós að ofgreiðsla hefur myndast eftir 1. júlí á staðgreiðsluári má miða upphafsdag verðbótaútreiknings við síðara tímamark eftir nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð.

Um innheimtu, dráttarvexti, innheimtuúrræði og lögvernd verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr., skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga þessara eins og um tekjuskatt sé að ræða.

20. gr.

a. Á eftir 121. gr. laganna komi ný grein, 122. gr., er orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.

b. 123. gr. laganna falli brott.

c. 122. gr. laganna verði 123. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Maður, sem við álagningu 1987 nýtur vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr., skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988, vegna vaxta, sbr. 51. gr., af þeim lánum sem tekin voru á árinu 1987 eða fyrr og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara. Sama gildir um þann sem hóf byggingu eða festi kaup á húsnæði á árunum 1985–1987 en uppfyllir hvorki skilyrði fyrir húsnæðisbótum, sbr. B-lið 69. gr. og ákvæði til bráðabirgða II, né skilyrði 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr. fyrir vaxtafrádrætti í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr. vegna vaxtakostnaðar við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987 og 1988 en mundi njóta ákvæða E-liðs 1. mgr. 30. gr. héldi það gildi sínu á árinu 1988 vegna álagningar 1989.

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 30% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall dragast frá samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna skulu ákvæði A-liðs 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að ónýttur vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal ónýttur vaxtaafsláttur þó greiðast út að því marki sem hann fer ekki fram úr húsnæðisbótum skv. B-lið 69. gr. Um útborgun vaxtaafsláttar á árinu 1988 fer að öðru leyti eftir ákvæðum B-liðs 69. gr., eftir því sem við getur átt, þó þannig að honum skal ráðstafa til greiðslu á álögðum tekjuskatti 1988 sem ekki verður felld niður innheimta á, sbr. 2. gr. laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, síðan eignarskatti og öðrum þinggjöldum.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um vaxtaafslátt samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

II

Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.

III

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda, sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts sem verður lagður á á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eignar í lok þess árs, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

UMFERÐARLÖG.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. GILDISSVIÐ O.FL.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda, nema annað sé ákveðið, um umferð á vegum.

Þar sem vegur er fyrir sérstaka tegund umferðar, gilda ákvæði laganna, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Skilgreiningar.

2. gr.

Akbraut:
Sá hluti vegar, sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja.

Akrein:
Hver og ein af samhliða reinum, sem akbraut er skipt í að endilöngu með merkjum eða er nægilega breið fyrir umferð bifreiða í einni röð.

Bifhjól:
Vélknúið ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

Bifreið:

a. Vélknúið ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
c. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eftirvagn:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Eigin þyngd:
Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o.þ.h.

Gangbraut:
Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:
Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:
Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:
Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Hópbifreið:
Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Lagning ökutækis:
Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:
Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli, sem eigi er hannað til hraðari aksturs en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Reiðhjól:
Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks. Sem reiðhjól telst einnig vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Tengitæki:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Enn fremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Torfærutæki:
a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vegamót:
Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:
Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:
Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:
Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.

Vinnuvél:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Þéttbýli:
Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:
Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Öxulþungi:
Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum öxli ökutækis.

3. gr.
Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn.
Ákvæði um gangandi vegfarendur gilda einnig um þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum; enn fremur um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan mann sem sjálfur ekur hjólastól.

II. REGLUR FYRIR ALLA UMFERÐ

Meginreglur.

4. gr.
Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi.
Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim, sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni. Dómsmálaráðherra setur reglur um auðkenni fatlaðra.
Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

Leiðbeiningar fyrir umferð.

5. gr.

Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum eða hljóðmerkjum eða öðrum merkjum á eða við veg, sbr. 84. gr. Leiðbeiningar þessar gilda framar almennum umferðarreglum.

Leiðbeiningar gefnar með umferðarljósum gilda framar leiðbeiningum um biðskyldu eða stöðvunarskyldu samkvæmt umferðarmerki.

Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem lögreglumaður eða sá annar, sem dómsmálaráðherra hefur heimilað að stjórna umferð, gefur. Þær leiðbeiningar gilda framar leiðbeiningum, sem gefnar eru á annan hátt.

Leikir o.fl.

6. gr.

Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

Eigi má draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 62. gr. Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann, sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum.

Eigi má vera að leik á vegi, þannig að til óþæginda verði fyrir umferð.

Vistgötur.

7. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu.

Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Neyðarakstur o.fl.

8. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um neyðarakstur og getur undanþegið þann akstur frá ákvæðum laga þessara.

Nú notar ökumaður ökutækis, sem ætlað er til neyðaraksturs, sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumenn skulu nema staðar ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækisins skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

Vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, og er greinilega auðkennt að framan með hvítri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki sem ætlað er til neyðaraksturs. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem auðið er að akstri loknum. Heimildarlaus notkun hvítrar veifu er bönnuð.

Óviðkomandi má eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarandi má eigi rjúfa eða á annan hátt hindra för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar lögmætrar hópgöngu.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

9. gr.

Án leyfis má eigi nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá, sem á hlut að því að skemma umferðarmerki, skal strax lagfæra það, ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

10. gr.

Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki. Hann skal veita slösuðum mönnum og dýrum hverja þá hjálp, sem honum er unnt, og taka að öðru leyti þátt í aðgerðum, sem óhappið gefur efni til. Hver sá, sem hlut á að umferðaróhappi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er óskað af öðrum þeim, sem hlut á að óhappinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef maður hefur látist eða slasast í umferðarslysi skal sá, sem átti hlut að því, tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum, sem um ræðir í 1. mgr., skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi, má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki, sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. UMFERÐARREGLUR FYRIR GANGANDI VEGFARENDUR

11. gr.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar, sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól eða létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

12. gr.

Gangandi vegfarandi, sem ætlar yfir akbraut, skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum, sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

IV. UMFERÐARREGLUR FYRIR ÖKUMENN

Notkun akbrauta.

13. gr.

Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt eða gangstíg.

Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja, skal ökumaður nota þá rein, sem ökutæki hans er ætluð.

Hvar aka skal á vegi.

14. gr.

Ökumaður skal vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Nú er akbraut með þremur akreinum, og má þá eigi aka á þeirri akrein, sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu, nema einstefnuakstur sé á akbrautinni.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Utan þéttbýlis skal ökutæki, sem háð er sérstökum hraðareglum samkvæmt 38. gr., auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan, að þeir, sem fram úr aka, geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju o.þ.h., sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin, ef það er gefið til kynna með merki eða ekið er á akbraut með einstefnuakstri.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Akstur á vegamótum og í beygjum.

15. gr.

Ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur.

Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni, sem beygt er inn á.

Nú er akbraut, sem beygt er inn á, með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu, og skal þá beygjan, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Nú koma tveir ökumenn úr gagnstæðum áttum á vegamót, og ætla báðir að beygja til vinstri. Mega þeir þá aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum, þegar þeir mætast, ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

16. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 15. gr. gilda einnig um akstur yfir akbraut eða af henni, þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.

17. gr.

Ökumaður skal, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.

Ökumaður skal, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á akrein þeirri, sem hann ætlar inn á, og fara af aðreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein, sem umferð af aðrein ætlar inn á, skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Afrein skal nota strax og hún byrjar.

Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.

18. gr.

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem hópbifreið hefur numið staðar, skal, ef ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að hópbifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Ökumaður hópbifreiðarinnar skal eftir sem áður hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ökumaður, sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal hafa sérstaka aðgát. Sama á við þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað.

Þegar ökutæki mætast.

19. gr.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt, að nægilegt hliðarbil sé milli þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Framúrakstur.

20. gr.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum.

Ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki, skal ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu, og athuga sérstaklega:

a. að akrein sú, sem nota á til framúraksturs, sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað, er hindri framúraksturinn,
b. að sá, sem á undan er, hafi ekki gefið merki um, að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki,
c. að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum, og
d. að hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra, þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar sem mótumferð er óheimil.

Sá, sem ekur fram úr, skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess, sem ekið er fram úr. Sá, sem ekið hefur vinstra megin fram úr, skal aka til hægri á ný, svo fljótt sem

unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri, ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

21. gr.

Þegar ökumaður verður þess var, að ökumaður, sem á eftir kemur, ætlar að aka fram úr vinstra megin, skal hann vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er. Má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti, skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð, sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar, ef þörf krefur.

Bann við framúrakstri.

22. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, nema:

a. ökutækin séu á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skuli hægra megin fram úr vegna ökutækis, sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum sé stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
d. umferð hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Eigi má heldur aka fram úr öðru ökutæki, þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli.

Framúrakstur og akreinaskipti í þéttbýli.

23. gr.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim, sem á undan fara, má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein, nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki, ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein, sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Framúrakstur við gangbraut.

24. gr.

Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, má þó aka fram úr ökutæki, ef það hindrar eigi útsýn yfir gangbrautina.

Skylda til að veita öðrum forgang.

25. gr.

Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, skal veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

Nú ætlar ökumaður að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang.

Ökumaður, sem á að veita öðrum forgang, skal gefa greinilega til kynna, að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við, hvar þau eru á vegi, hver fjarlægð þeirra er og hraði.

Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, svo og gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla, sem fara þvert yfir akbraut þá, sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig, að hann valdi ekki umferð á veginum, sem hann fer yfir, óþarfa óþægindum, ef hann neyðist til að nema þar staðar. Á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi, ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni, að hann muni eigi komast yfir vegamótin, áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

26. gr.

Ökumaður, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður hafa sérstaka aðgát og tillitssemi gagnvart gangandi vegfaranda.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda, sem fer yfir akbraut þá, sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni, þar sem ekki eru vegamót.

Við gangbraut, þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda, sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina, þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi, sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana, kemst fram hjá.

Ökumaður, sem nálgast gangbraut, þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal aka þannig að ekki valdi gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast, svo sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

27. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
d. í göngum eða undir brú,
e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
g. á hringtorgi,
h. á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga eða bifreiðir fatlaðra, og
i. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða.

Eigi má leggja ökutæki:

a. á brú,
b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan,
c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, létts bifhjóls eða bifhjóls,
d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
e. við vatnshana slökkviliðs.

29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutningaliðs.

Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

30. gr.

Nú stöðvast ökutæki vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka á stað, þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Skal þá flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema það sé óheimilt samkvæmt 10. gr. Hafi ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott.

Dómsmálaráðherra setur reglur um viðvörunarbúnað og notkun hans.

Merki og merkjagjöf.

31. gr.

Þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni. Merki skal gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að blikka háljósum eða lágljósum.

Ökumaður, sem ætlar að aka frá brún vegar, beygja, snúa eða skipta um akrein, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Sama á við um akstur til hliðar á vegi, nema um óverulega breytingu á aksturs stefnu sé að ræða. Merkið skal gefa með stefnuljósi, þegar ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta út hönd.

Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi, ef ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta upp hönd.

Merki skv. 2. og 3. mgr. skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt, þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

Ljósanotkun.

32. gr.

Við akstur bifreiðar og bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónsvið ökumanns nægir annars ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

33. gr.

Stöðuljós skulu vera tendruð, ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Þetta á þó ekki við, ef vegur er svo vel lýstur, að ökutækið sést greinilega úr nægilegri fjarlægð, eða það hefur verið stöðvað eða því lagt utan akbrautar. Ef ökutækið er eigi búið slíkum ljósum, skulu önnur lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ef vélknúnu ökutæki, sem ekki er meira en 6 m á lengd og 2 m á breidd, er lagt samhliða brún vegar í þéttbýli, þarf einungis að nota stöðuljós það og afturljós, sem nær er miðju vegar, nema ökutækið sé tengt öðru ökutæki. Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem heimila notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns, ef þeim er lagt samhliða ystu brún vegar.

Aksturskeppni.

34. gr.

Eigi má efna til aksturskeppni, nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi eða sýsluvegi og án samþykkis sveitarstjórnar utan vega.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Óþarfa hávaði o.fl.

35. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig, að frá því stafi eigi hávaði eða loftmengun að óþörfu.

Í námunda við íbúðarhús skal haga hraða og aksturshættum þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

V. ÖKUHRAÐI

Almennar reglur.

36. gr.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónsviði.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. í þéttbýli,
b. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
c. við vegamót og í beygjum,
d. áður en komið er að gangbraut,
e. við blindhæð eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
g. þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
h. þegar vegur er blautur eða háll,
i. þegar ökutæki nálgast hópbifreið eða merkta skólabifreið, sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
j. þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,
k. þegar ökutæki nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða vegfaranda, sem ber auðkenni sjónskertra,
l. þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg,
m. þar sem vegavinna fer fram, og
n. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.

37. gr.

Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst.

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 100 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.

38. gr.

Ökuhraði fólksbifreiðar, sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 70 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með annað tengitæki má aldrei vera meiri en 30 km á klst.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur ákveðið, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar, ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

VI. SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Læsa skal reiðhjóli, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

41. gr.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Eigi má reiða farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

Torfærutæki.

43. gr.

Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.

Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VII. UM ÖKUMENN

Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

44. gr.

Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.

45. gr.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök, þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis.

46. gr.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega, ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla, að ökumaður ætli að aka ökutækinu, að reyna að koma í veg fyrir brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

47. gr.

Lögreglumaður getur tekið öndunarsýni af ökumanni vélknúins ökutækis, ef:

a. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 45. gr.,
b. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga, enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar, sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra, að öndunarsýni skuli tekin.

Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisrannsóknar. Sama á við, þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega vegna rannsóknar samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1. og 2. mgr.

Ökupróf og ökuskírteini.

48. gr.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli, nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini, sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það, er löggæslumaður krefst þess.

Veita má ökuskírteini þeim, sem:

a. er fullra 17 ára,
b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og
c. hefur hlotið kennslu löggilts ökukennara og sannað með prófi að hann hafi næga akturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf.

Neita má þeim um ökuskírteini, sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

49. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna, sem eru fullra 15 ára, ökuskírteini til að mega stjórna hægfara vélknúnum ökutækjum fyrir fatlaða.

50. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm,
b. hópbifreið,
c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem er meira en 1400 kg að leyfðri heildarþyngd,
d. bifreið, sem flytur hættuleg efni eða tæki, og
e. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Eigi má veita þeim, sem er yngri en 20 ára, réttindi til að mega stjórna ökutækjum þessum.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

51. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár.

Fullnaðarskírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gildistíma ökuskírteina, sem gefin eru út til þeirra, sem eru fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur enn fremur ákveðið, að ökuskírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma, enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Lögreglustjóri ákveður, hvort taka skuli próf að nýju. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

52. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. ökukennslu,
b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökupróf,

c. efni og form ökuskírteinis, og
d. gjald fyrir próf og ökuskírteini.

Lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Afturköllun ökuréttinda.

53. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi, ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini. Nú neitar hlutaðeigandi að taka þátt í rannsókn eða prófi, sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar, og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það, hvort hlutaðeigandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna, eða er ekki nægilega reglusamur, má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár, öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Sá, sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar, skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Erlend ökuskírteini.

54. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini, mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskírteini, geta fengið íslenskt ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.

55. gr.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 13 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifhjóli. Ökuskírteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki. Ökuskírteini til að mega stjórna torfærutæki má eigi veita þeim sem er yngri en 15 ára enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

Ökukennarar.

56. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá, sem hlotið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra.

Veita má slíka löggildingu þeim, sem:

a. er 21 árs eða eldri,
b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldri síðustu þrjú árin, og
c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Heimilt er að synja manni um löggildingu til ökukennslu, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding gildir í fimm ár, þó eigi lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingu, enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Æfingaakstur.

57. gr.

Æfingaakstur á bifreið má því aðeins fara fram, að við hlið nemanda sitji löggiltur ökukennari, sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður, sem hefur ökuskírteini, að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.–47. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Æfingaakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess, að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en þremur mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið. Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum, má eigi æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingasvæðum.

Upplýsingaskylda o.fl.

58. gr.

Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutækinu á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim, sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

VIII. UM ÖKUTÆKI

Gerð og búnaður.

59. gr.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

Ökumaður skal gæta þess, að ökutæki sé í góðu lagi. Sérstaklega skal þess gætt, að stýrisbúnaður, hemlar, merkjatæki og ljósabúnaður séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

60. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum, ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

61. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hvaða flokks skv. 2. gr. ökutæki skuli teljast, og sker þá dómsmálaráðherra úr.

Dómsmálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

62. gr.

Við bifreið, torfærutæki og reiðhjól má tengja einn eftirvagn eða tengitæki.

Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna eða einn eftirvagn og eitt tengitæki.

Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða tengitæki.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn, sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

Dómsmálaráðherra setur reglur um tengingu eftirvagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

Dómsmálaráðherra setur reglur um drátt ökutækja.

Skráning.

63. gr.

Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

64. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. skráningu ökutækja og eigenda þeirra,
b. tilkynningu eigendaskipta,

c. skráningarmerki,
d. skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
e. tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar, og
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Ökutæki skal skráð í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

65. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur, er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu við eftirlit og framkvæmd lögregluvalds starfa í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Erlend ökutæki.

66. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þar á meðal hvenær beri að skrá þau hér.

Skoðun ökutækja og eftirlit.

67. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur og sett reglur um framkvæmd almennrar skoðunar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur með sama hætti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðunarheimildir verkstæða.

Skoðunarmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

68. gr.

Löggæslumönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það hlutaðeigandi lögreglu eða bifreiðaeftirliti, ef eigi verður úr bætt.

Bann við notkun ökutækis.

69. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmerki.

Leiga ökutækja.

70. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi. Í þeim reglum má ákveða, að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.

IX. UM NOTKUN ÖRYGGIS- OG VERNDARBÚNAÐAR

Öryggisbelti.

71. gr.

Hver sá, sem situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti, þegar bifreið stendur kyrr eða þegar ekið er aftur á bak. Sama á við um akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Ökumanni leigubifreiðar til mannflutninga er eigi skylt að nota öryggisbelti í leiguakstri.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

Hlífðarhjálmar.

72. gr.

Hver sá, sem situr á bifhjóli eða í hliðarvagni bifhjóls, skal nota hlífðarhjálm.

Ökumaður skal sjá um að farþegi noti hlífðarhjálm.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm, þegar bifhjól stendur kyrrt eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

X. FLUTNINGUR, HLEÐSLA, ÞYNGD OG STÆRÐ ÖKUTÆKJA

Hleðsla ökutækja.

73. gr.

Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir, að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt, að valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hleðslu og frágang farms, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu, er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

Flutningur á farþegum.

74. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

75. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Reglur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., um hæð ökutækja, hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning, sem eftir reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

Öxulþungi og þyngd.

76. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., getur veghaldari leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð, sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning, sem veghaldari heimilar.

XI. HINDRUN Á VEGI

Óhreinkun vegar o.fl.

77. gr.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

Ef eitthvað, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, fellur eða rennur af ökutæki á veg, skal það þegar fjarlægt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt, þar til það, sem hættu eða óþægindum veldur, hefur verið fjarlægt.

Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni, sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn auðkenndur viðvörunarmerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig auðkenna skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

78. gr.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra reka búfé á vegi í þéttbýli.

Utan þéttbýlis má reka búfé á vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

XII. UMFERÐARSTJÓRN, UMFERÐARMERKI O.FL.

Umferðarstjórn o.fl.

79. gr.

Lögreglan getur stjórnað umferð þar sem hún telur þess þörf.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild annarra til að stjórna umferð.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn.

80. gr.

Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi, þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá, sem hefur með höndum vegavinnu, stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn skv. 1. mgr.

81. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, svo og vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða sýsluveg er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem:

a. stöðvun og lagningu ökutækja,
b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð og
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr., að fengnum tillögum vegamálastjóra, ef um þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna, sbr. V. kafla vegalaga, er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

82. gr.

Veghaldari getur takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir, ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi; í kaupstað eða kauptúni að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

83. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin, megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o.fl.

84. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

Víkja má frá almennum umferðarreglum með merkjum skv. 1. mgr.

85. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að merki skv. 1. mgr. 84. gr. verði sett á eða við veg, þar sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til stjórnunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal þó sjá um, að slík merki verði sett á eða við þjóðveg utan kaupstaða og kauptúna og sýsluveg.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra (vegamálastjóra) setja merki skv. 1. mgr. 84. gr. á eða við veg.

Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. 84. gr. skal veghaldari greiða.

86. gr.

Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt.

87. gr.

Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki skv. 1. mgr. 84. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri látið fjarlægja, ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 84. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIII. UM FÉBÆTUR OG VÁTRYGGINGU

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

88. gr.

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúið ökutæki dregur annað ökutæki.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

89. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

90. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Vátryggingarskylda.

91. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.

Vátryggingin skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 250 000 000 kr. og vegna tjóns á munum allt að 50 000 000 kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

Dómsmálaráðherra skal árlega, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breyta vátryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að hve miklu leyti vátryggingin skuli bæta tjón, sem hlýst erlendis.

92. gr.

Auk slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir sú vátrygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingin skal tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn allt að 10 000 000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Vátryggingarfjárhæð þessi skal breytast skv. reglu 3. mgr. 91. gr.

93. gr.

Vátryggingarskylda skv. 91. og 92. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.

Eigi er skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra getur undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, vátryggingarskyldu.

94. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskylduna.

Vátryggingariðgjald nýtur lögtaksréttar, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

95. gr.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 91. gr.

Nú hefur vátryggingafélag greitt bætur skv. 91. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

96. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem vátryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu vátryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 91. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli vátryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker dómsmálaráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig vátryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Meðferð skaðabótamála.

97. gr.

Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim, sem bótaskyldur er skv. 90. gr., og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn vátryggingafélagi því, sem ábyrgðartryggt hefur ökutækið.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 88. og 89. gr. höfð uppi í opinberu máli, og skal þá tilkynna vátryggingafélagi því, er ábyrgðartryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

98. gr.

Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má vátryggingafélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

Fyrning bótakrafna.

99. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

XIV. VIÐURLÖG

Refsingar.

100. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eigi skal þó refsa fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Svipting ökuréttinda.

101. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki skal gerð í dómi.

102. gr.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr. og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

Bráðabirgðasvipting.

103. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Áhrif áfrýjunar.

104. gr.

Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttinda, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega stendur á.

Brot erlendis.

105. gr.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttinda, og má þá svipta hann þeim réttindum í sérstöku opinberu máli, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 101.–104. gr.

Endurveiting ökuréttinda.

106. gr.

Nú hefur maður verið sviptur ökuréttindum um lengri tíma en þrjú ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað, að honum skuli veitt ökuréttindi að nýju. Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Haldsréttur í ökutækjum.

107. gr.

Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

108. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 4. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa, að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélags.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Gjald, sem lagt hefur verið á, rennur í ríkissjóð, þegar lögreglan annast álagningu gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags rennur gjaldið til sveitarsjóðs, og getur dómsmálaráðherra þá ákveðið, hvernig því skuli varið.

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins og setur nánari reglur um hvernig það skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest.

109. gr.

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 108. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði, að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti, hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í ökutækinu, hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að málið verði, að tilteknum tíma

liðnum, sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið eigi greitt innan frests skv. 2. mgr., og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi, má krefjast nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar gjaldinu, eftir reglum laga nr. 49 1951, en þó þarf ekki að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningu. Einnig má krefjast lögtaks hjá þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr.

Ef fram koma mótbárur eða varnir, sem ekki eru teknar til greina, skal, innan mánaðar frá móttöku, beiðast lögtaks hjá þeim, sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, þannig að færa megi fram varnir í fógetarétti. Mótbárum eða vörnum, sem berast eftir að liðinn er frestur skv. 2. mgr., skal fógeti vísa frá, nema dráttur sé eigi eiganda eða notanda að kenna og varnir eru bornar fram eins fljótt og unnt er.

Brottflutningur ökutækja.

110. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki, sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið á opinberu uppboði eða til niðurrifs, ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða í grein þessari, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

XV. UMFERÐARRÁÐ, UMFERÐARFRÆÐSLA O.FL.

111. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

112. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
c. að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt,
g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

Umferðarráði ber árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál.

113. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara: Bandalag íslenskra leigubifreiðarstjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur", lögreglustjórinn í Reykjavík, menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands.

114. gr.

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

115. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar Umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

Kostnaður við starfsemi Umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

116. gr.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Slíka nefnd skal skipa í kaupstöðum og kauptúnahreppum. Sveitarstjórnum er heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

117. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn Umferðarráðs, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

XVI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gildistaka.

118. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1988.

Jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmörkunar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir gildistöku laga þessara má veita ökuréttindi að nýju þegar svipting hefur staðið í þrjú ár enda hafi hann eigi áður fengið slíkt leyfi.

Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1991.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um eftirlit með skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna.

Lögin gilda enn fremur um erlend skip sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og tækja og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far, þar með talin svifskip, skíðaskip og önnur skip sérstakrar gerðar, nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem skráð er sem fiskiskip og notað til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem skráð er sem farþegaskip og ætlað er að flytja farþega.
6. Farþegar eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipverjar og þeir sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika.
7. Opið skip er hvert það fljótandi far sem ekki er varið ágangi sjávar með þilfari stafna á milli yfir sjólínu.

II. KAFLI

Haffæri skipa.

3. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru hvenær sem því er lagt úr höfn.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Ef gilt haffærisskírteini eða skoðunarvottorð er ekki sýnt þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslumönnum.
2. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

3. Ef bol þess, búnaði, vélum eða tækjum eða mönnun er áfátt eða það er af öðrum ástæðum svo á sig komið að telja verður að það sé eigi öruggt til siglingar vegna sjóferða þeirra er skipið skal fara.

5. gr.

Ef skip hefur tekið grunn, orðið fyrir árekstri eða annað að borið svo að ætla má að skip hafi laskast og sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framkvæma þá skoðun.

Ef svo ber við að ekki verður náð til starfsmanna Siglingamálastofnunar þar sem skip er statt skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur fulltrúum annarra skipverja framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af öllum er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því sem bókað var skal þá þegar sent Siglingamálastofnun og ákveður hún svo fljótt sem verða má hvort ný skoðun skuli fara fram.

Ef skip skal flytja óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis þeirra manna sem skipinu fylgja.

III. KAFLI

Framkvæmd eftirlits.

6. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglugerða um öryggi skipa. Í því skyni skal stofnunin m.a. skoða skip, hvar sem er á landinu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Ef vafi leikur á því að skip sé haffært samkvæmt lögum þessum skal það svipt haffærisskírteini til bráðabirgða þar til úr er bætt skv. 15. gr.

7. gr.

Verði starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins, löggæslumenn, hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar varir við að lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim séu brotin eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært skulu þeir tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. 6. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart. Skal hann þegar hafa samband við viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

8. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: Aðalskoðun og aukaskoðun.

9. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra.

10. gr.

Aðalskoðun skal gera á sérhverju skipi ár hvert.

11. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allan búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að skip er haffært skal siglingamálastjóri eða starfsmaður stofnunarinnar, sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra, gefa því haffærisskírteini.

13. gr.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða notkunar skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærisskírteinis á tímabilinu.

Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt heimild til frestunar aðalskoðunar um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en þrjá mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða sem ekki er skylt að lögskrá á, greiðslu tryggingariðgjalds skips, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða lögreglunni.

Þegar gildistími haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs er á enda skal eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri færa skipið til skoðunar samkvæmt lögum þessum. Sé skip í notkun án þess að hafa fullgilt haffærisskírteini skal setja farbann á skipið skv. 26. gr.

14. gr.

Aukaskoðun skal gera á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra krefst skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eru bundnir þagnarheiti um hver kært hefur, nema kæran hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn kæranda ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er.

Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni að skipið hafið eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.

Ef ágallar eru þannig að haffæri skips er óskert og eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta. Skrá skal í eftirlitsbók skips hverju áfátt er, ástæður frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur skv. 3. mgr. er liðinn skal Siglingamálastofnun ganga úr skugga um að bætt hafi verið úr ágöllum. Hafi það eigi verið gert ákveður hún hvort frestur skuli framlengdur eða skipstjóri eða útgerðarmaður skuli sóttir til saka.

16. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist skv. 2. tölul. 14. gr. eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 30. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um hvort Siglingamálastofnun skuli framkvæma skoðun eða yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn er fullnægja skilyrðum þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki breytt ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með drengskaparheiti ef krafist er af einhverjum þeim er hlut á að máli.

V. KAFLI

Gerð og búnaður skipa. Smíði, innflutningur og breytingar.

17. gr.

Skip skal að jafnaði fullægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skulu vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal vera nægilega stöðugt svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.–4. tölul., að jafnaði talið fullnægt ef skip fullnægir þeim kröfum sem flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma að slíkt skip nái 1. flokki þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum sem nauðsynleg eru til þess að því verði örugglega siglt.

C. Eldvarnir.

Skip skulu búin tækjum til slökkvistarfa og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til varnar eldi.

D. Björgunar- og öryggisbúnaður.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum sem komið skal fyrir á hentugum stöðum.
2. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips eða búnaðar, skulu vera í því horfi að menn, sem dvelja á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.
3. Farþegaskip skal auk þess vera þannig búið að því er snertir öryggi mannslífa að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra sem það er notað til.

E. Vistarverur og vinnurými.

1. Vistarverur farþega og skipverja, vinnurými skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð, um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hávaðamörk, hreinlætistæki og viðhald, svo og önnur atriði sem stuðlað geta að vinnuvernd.
2. Í reglugerð, sem sett er af ráðherra að fengnu áliti landlæknis, skal kveða á um búnað skips af lyfjum og hjúkrunargögnum.

F. Fjarskiptatæki.

Öll skip skulu búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði.

Búnaður þessi er háður eftirliti Póst- og símamálastofnunar. Að lokinni skoðun búnaðarins tilkynnir Póst- og símamálastofnun Siglingamálastofnun ríkisins árangur skoðunar á honum og annað varðandi hann sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók sem í eru skráð vottorð þeirra, sem skoðun hafa annast, um framkvæmd skoðunar ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið sem krafist kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt sem siglingamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á farþegaskipi skal vera auglýst á áberandi stað til hvers konar flutninga skip sé ætlað og hámark farþegafjölda.

18. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um gerð og búnað skipa og véla að fengnu áliti siglingamálastjóra.

Sérreglur skulu settar um aðbúnað og öryggi skipa sem ekki eru farþegaskip en flytja annað fólk en skipverja.

19. gr.

Um nýsmíði skipa fer eftir reglum sem ráðherra setur og þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips skal senda Siglingamálastofnun ríkisins tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þríriti.

Séu skip smíðuð erlendis fyrir innlenda aðila skal væntanlegur eigandi sjá um að tilkynning og umrædd gögn berist Siglingamálastofnun.

Eigendum skipa, skipasmiðum eða siglingamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra að því leyti sem þær gilda hér á landi.

Við lokaúttekt nýsmíði skal aðalskoðun skips fara fram.

20. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipum, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Allar breytingar sem varða öryggi skips og áhafnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

21. gr.

Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja í einu og öllu íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.

Eigi má flytja inn skip sem er 12 ára eða eldra.

Skoðun skal fara fram á skipi áður en það er keypt eða leigt.

Siglingamálastjóri lætur framkvæma skoðun þessa og má hann fela hæfri stofnun eða einstaklingi skoðunina.

Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips að það fullnægi kröfum ákvæðis þessa um aldur, gerð og búnað.

VI. KAFLI

Um hleðslu skipa og frágang farms.

22. gr.

Þau íslensk skip, sem gildandi alþjóðleg hleðslumerkjasamþykkt nær til, skulu hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra íslenskra skipa.

Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri er um ræðir í 1. mgr. og reglum er ráðherra setur.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa.

Á skip, sem eru 15 metrar eða lengri að mestri lengd, skal marka beggja megin að framan og aftan hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri getur ákveðið að djúpristumörk skuli sett á skip þótt minna sé en að framan greinir og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

24. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar eða löggæslunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnvöldum í ríki sem er aðili að gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur siglingmálastjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

25. gr.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur.
Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

VII. KAFLI

Um farbann.

26. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta hindrað för skips skv. 15. gr. uns úrlausn er fengin.

Sé skipi lagt úr höfn án þess að hafa gilt haffærisskírteini eða leiki rökstuddur grunur á að það standi til eða skip er annars óhaffært á ferð skal viðkomandi umdæmisstjóri leggja farbann á skipið.

Ef umdæmisstjóri hefur lagt farbann á skip skal það þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda siglingamálastjóra og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum svo og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum hverjum á sínu sviði að veita fulltingi sitt til þess að banni verði framfylgt.

27. gr.

Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji siglingamálastjóri gögn skorta sér hann um að þeirra verði aflað.

28. gr.

Skipstjóri eða útgerðarmaður getur kært farbann fyrir siglingadómi.

VIII. KAFLI

Siglingadómur.

29. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar tólf meðdómendur og sex varameðdómendur alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn eða loftskeytamenn síðast liðin fimm ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra sem tilnefndir hafa verið og annar sjómannanna (sbr. 3. tölul.).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda og gildir sú kvaðning þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

30. gr.

Verkefni siglingadóms eru:

1. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 16. gr.
2. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og dæma um gildi farbanns svo sem getið er í 28. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum ef saksóknari telur mál sérstaklega mikilvæg. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.

Um refsimál sem höfðað er fyrir siglingadómi fer að hætti opinberra mála, þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn.

31. gr.

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af brotum á lögum þessum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Siglingamálastofnun í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af brotum á lögum þessum.

32. gr.

Málum, sem höfðuð eru skv. 16. gr. eða 28. gr. laga þessara, skal beint gegn siglingamálastjóra. Þeim skal hraða svo sem kostur er. Sérstaklega skal hraða máli þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

33. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

Skrifstofukostnaður siglingadóms, ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld greiðast eftir reikningi er dómsmálaráðherra úrskurðar.

IX. KAFLI

Gjöld.

34. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi, í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að halda eftir haffærisskírteini að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

35. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt getur hann leitað til siglingamálastjóra sem úrskurðar um gjaldtöku. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því er honum varð kunnugt um úrskurðinn skotið honum til dómstóla.

Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI

Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

36. gr.

Ef eigandi skips, skipasmíðastöð, verkstæði, skipstjóri eða annar yfirmaður skips brýtur í verki eða með vítaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varðar það sektum eða varðhaldi.

37. gr.

Um brot skv. 36. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

38. gr.

Þegar um brot er að ræða skv. 36. gr. má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu í sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

39. gr.

Svipting réttinda skv. 38. gr. skal gerð með dómi. Sá er réttindum hefur verið sviptur skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

40. gr.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda skv. 1. mgr. er þó því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

41. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

42. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

XI. KAFLI

Um gildistöku laganna o.fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 12. maí 1970, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði sem eigi fá samrýmst lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** (L. S.) **Magnús Thoroddsen.**

Matthías Bjarnason.

Nr. 52 30. mars 1987

LÖG

um opinber innkaup.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið.

2. gr.

Yfirstjórn opinberra innkaupa er falin sérstakri stjórn sem er skipuð þremur mönnum. Fjármálaráðherra skipar stjórnina til tveggja ára í senn.

3. gr.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr. Stjórn opinberra innkaupa er jafnframt stjórn innkaupastofnunarinnar. Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Fjármálaráðherra getur þó að

fenginni umsögn stjórnarinnar heimilað einstökum ríkisstofnunum eða fyrirtækjum að annast eigin innkaup. Ríkisstofnanir (innkaupadeildir ríkisstofnana) skulu haga viðskiptum sínum í samræmi við ákvæði þessara laga og hlíta fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

5. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningar um einstök vörukaup eftir því sem þörf gerist. Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.

6. gr.

Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær sem fyrir fram er vitað að ríkisstofnanir þarfnist eða þær hafa pantað hjá stofnuninni. Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.

7. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum og fyrirtækjum allar vörur á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar. Gjaldskráin miðast við að þóknunin standi undir rekstri stofnunarinnar.

8. gr.

Stofnuninni er eigi heimilt að binda fjármuni umfram fjárútvegun einstakra ríkisstofnana í kaupum á vörum og þjónustu nema til komi heimild fjármálaráðuneytis.

9. gr.

Á grundvelli laga þessara setur ráðherra reglugerð um opinber innkaup og starfshætti Innkaupastofnunar ríkisins og innkaupadeilda.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og falla þá úr gildi lög nr. 72/1947, um Innkaupastofnun ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma þrjá til átta farþega.

Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess.

Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.
2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.
3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið þar sem seld eru einstök sæti.

3. gr.

Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

4. gr.

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samgönguráðherra skipar tvo menn án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kýs sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Samgönguráðherra getur sagt upp sérleyfi innan fimm ára tímabilsins ef fyrirhugaðar eru verulegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal þó ekki vera skemmri en tvö ár.

6. gr.

Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

Réttindin skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm árum.

Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

Sérleyfi til fólksflutninga skv. 5. gr. gildir jafnframt sem hópferðaleyfi án sérstakrar umsóknar.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferðabifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit skipulagsnefndar fólksflutninga.

Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

7. gr.

Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við skipulagsnefnd.

Umsóknir skulu vera skriflegar þar sem tilgreind er starfsemi þess sem sækir um leyfið og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Enn fremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

8. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

9. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

10. gr.

Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk, barnaörorkustyrk og framfærslukostnað skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. Sama gildir um rekstur bifreiða eigi í hlut elli- og örorkulífeyrisþegar og örorkustyrkþegar.

2. gr.

B-liður 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Að veita styrk til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi taka einnig til þeirra sem fengu úthlutun leyfa til tollaívilnunar árið 1986 vegna kaupa á bifreið.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Thoroddsen.**

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

TOLLALÖG.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

Ráðherra: Fjármálaráðherra, nema annars sé getið.

Tollyfirvald: Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar.

Aðaltollhöfn: Staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram, sbr. 28. gr.

Tollhöfn: Staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, sbr. 28. gr.

Farartæki: Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Far: Skip eða flugfar.

Aðkomufar: Far sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

Far í utanlandsferðum: Far sem flytur ótollafgreidda vöru frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vöru til útlanda.

Aðkomuafgreiðsla fars: Þegar stjórnandi fars hefur afhent tollgæslunni tilskilin gögn og fengið leyfi hennar til samskipta skv. 3. mgr. 51. gr.

Innflytjandi eða *útflytjandi:* Hver sá sem með lögmætum hætti getur ráðstafað vöru til tollmeðferðar hjá tollyfirvaldi.

Vara eða *sending:* Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

Tollur: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

Tollverð: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

Aðflutningsgjöld og *útflutningsgjöld:* Tollur svo og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru.

Tollafgreiðsla vöru: Þegar tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru til nota innanlands eða til útflutnings.

Tollvörugeymsla: Almenn tollvörugeymsla, tollfrjáls forðageymsla og tollfrjáls verslun.

Frísvæði: Lokað svæði, sem tollyfirvöld annast tolleftirlit með, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur og reka iðnað, umpökkun, aðvinnslu og verslun með þær.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika (a–d) á við:

a. Tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim varðandi vöru eða sendingu sem afhenda ber vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vörunnar þegar í stað.

b. Vara eða sending hefur verið skráð samkvæmt 3. mgr. 53. gr. og tollyfirvald heimilað afhendingu hennar.
c. Tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
d. Tollyfirvald hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld á uppboði eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru á uppboði ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar tolli eða öðrum gjöldum sem innheimt eru vegna innflutnings, sbr. 111. gr.

II. KAFLI

Tollskyldir aðilar.

Almenn tollskylda.

2. gr.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 3. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

Takmörkuð tollskylda.

3. gr.

Þessir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. Forseti Íslands og maki hans skulu undanþegin greiðslu tolla af vörum sem hann flytur inn til eigin nota eða honum eru sendar að gjöf.
2. Sendiráð, sendiræðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiræðismenn erlendra ríkja.
3. Kjörræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.
4. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum.

Ráðherra setur nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem um ræðir í 2. og 3. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

III. KAFLI

Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

Tollskyldar vörur og tollskrá.

4. gr.

Af öllum vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins skal greiða toll, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum.

Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá. Við flokkun vara til tollskyldu skal farið eftir þeim túlkunarreglum sem þar greinir.

Tollfrjálsar vörur.

5. gr.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirtaldar vörur vera tollfrjálsar:

1. Fylgifé fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum og er að mati tollyfirvalds ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgiféð ekki flutt úr viðkomandi fari.
2. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
3. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
4. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða.
5. Venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
7. Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann flutti til landsins. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna. Ökutæki og önnur farartæki, vélknúin, teljast ekki til heimilismuna í þessu sambandi.
8. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
9. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
10. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.

Ráðherra getur sett nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein.

Undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir.

6. gr.

Ráðherra er heimilt:

1. Að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum og viðaukum og bókunum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra eða fella ákvarðanir um framkvæmd þeirra úr gildi sé ákvæðum þeirra breytt, forsendur breytist eða þeir falli úr gildi. Þegar heimild þessari er beitt skal jafnframt heimilt að lækka almennan toll í dálki A í tollskrá í allt að 5% þegar um hráefni eða efnivöru er að ræða en í allt að 10% í öðrum tilvikum. Verði ákvörðun felld úr gildi skal almennur tollur í dálki A í tollskrá taka gildi.
2. Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.
3. Að fella niður eða endurgreiða toll af vöru sem endurseld er til útlanda.

4. Að heimila tollfrjálsan innflutning á vörum sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, svo og á vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
5. Að heimila tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
6. Að fella niður toll af vöru sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, enda verði hún flutt úr landi aftur.
7. Að heimta ekki toll af bifreiðum og bifhjólum sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum sem þar hafa haft fasta búsetu í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir undanþága þessi í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins. Heimilt er þó að ákveða lengri gildistíma eða framlengja hann um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollstjóra fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:
   a. Hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
   b. Hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
   c. Hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

   Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar undanþágu frá greiðslu tolls og er þá heimilt samt sem áður að framlengja hana um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækis til landsins, gegn greiðslu sérstaks gjalds sem ákveða má sem hundraðshluta á mánuði af tollverði viðkomandi ökutækis eða fast gjald sem miða skal við afskriftartíma ökutækis. Þó skulu aðilar sem tekið hafa sér fasta búsetu hér á landi eða flutt búslóð sína til landsins greiða þegar toll af ökutækjum og öðrum farartækjum sem eru vélknúin. Óski viðkomandi þess má heimila greiðslu gjalda með skuldarviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð, enda skulu þá greiddir af lánuðum tollum þeir vextir sem ákveðnir verði af ráðherra með reglugerð.

   Undanþága þessi er að öðru leyti háð því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:
   a. Hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
   b. Ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutnings gegn greiðslu eða endurgjaldi.
   c. Hann hafi ökutækið með sér til útlanda þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð annaðhvort endurútflutt eða tollafgreitt þegar að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til lands.
   d. Hann hlíti nánari reglum sem ráðherra setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

   Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir undanþágu frá greiðslu gjalda falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð og tollstjóri láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar á tolli, kostnaði og vöxtum skv. 2. mgr., sem reiknast frá og með komudegi flutningsfars, eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

   Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og frekari skilyrði uppfyllt sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis. Heimila má í undantekningartilvikum framlengingu undanþágu skv. 1. og 2. mgr. án greiðslu hins sérstaka gjalds af tollverði viðkomandi ökutækis.

   Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda eftir því sem við geta átt um önnur farartæki.

8. Að heimila að tollur af tækjum, þ.m.t. ökutæki, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, sé reiknaður af leigu eða áætlaðri leigu fyrir tækin í stað venjulegs tollverðs. Ákveða má greiðslu samkvæmt þessari heimild sem fast gjald vegna tímabundins innflutnings og skal þá miðað við venjulegan afskriftartíma tækis. Gjald af ökutækjum má miða við ekna vegalengd.

   Ráðherra skal enn fremur heimilt að endurgreiða toll af tækjum, þ.m.t. ökutæki, sem seld eru eða leigð til nota erlendis. Endurgreiðslufjárhæð skal miðuð við venjulegan afskriftartíma tækis. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur þar m.a. kveðið á um fyrningargrunn og fyrningarhlutföll.
9. Að lækka eða fella niður toll af vöru sem reynist gölluð eða hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, viðurkenndum geymslum farmflytjanda eða tollvörugeymslum eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda.

   Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að varan sé eyðilögð undir tolleftirliti eða afhent ríkissjóði endurgjaldslaust til ráðstöfunar.

   Um vöntun í vörusendingu gilda ákvæði 60. og 112. gr. þessara laga.
Ráðherra getur heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði að þeir aðilar, sem í 74. gr.

getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum sem ráðherra samþykkir. Ákvæði 64. gr. gilda um geymslur þessar eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að tollgæslan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru fyrir hendi til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæslan þeim aðilum, er í 74. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu gegn leigu- og eftirlitsgjaldi sem ákveðið skal í reglugerð.

Leyfi til reksturs almennrar tollvörugeymslu má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

74. gr.

Innflytjendur geta komið vörum í almennar tollvörugeymslur án undanfarandi greiðslu aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, skulu hljóta endanlega tollafgreiðslu áður en þær eru fluttar úr geymslunni nema þær séu fluttar til annarra tollhafna eða milli tollvörugeymslna samkvæmt þeim reglum sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í tollfrjálsar forðageymslur, og í birgðageymslur tollfrjálsra verslana.

Sé heimilt að endurgreiða gjöld af hráefni í innlenda vöru við útflutning hennar skal heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur og endurgreiða framangreind gjöld þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan þriggja ára frá komudegi flutningsfars til landsins. Ráðherra getur þó í reglugerð ákveðið annan frest ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollfrjálsar forðageymslur.

75. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í tollfrjálsum forðageymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

76. gr.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

a. Vörur sem fluttar eru inn í því skyni.
b. Vörur sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur.
c. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa.
d. Innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða gjöld af hráefni í vöru við útflutning má einnig endurgreiða þessi gjöld þegar vöru hefur verið komið í tollfrjálsa forðageymslu.

77. gr.

Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins flytja vörur sem birgðaforða beint í farartæki sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Í reglugerð getur ráðherra leyft sölu birgða og annars forða í innlend farartæki sem að staðaldri eru í utanlandsferðum eða erlend farartæki sem hér hafa skamma viðdvöl, svo og endurútflutning

eða endursendingu á þessum vörum. Enn fremur má ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

78. gr.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna ef fylgt er þeim skilyrðum sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

79. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli og á Keflavíkurflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Birgðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Tollfrjálsum verslunum er eingöngu heimilt að selja vörur sínar farþegum og áhöfnum millilandafara. Fyrirskipa má að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út fyrir tollsvæði ríkisins. Enn fremur er verslunum sem hér um ræðir heimilt samkvæmt reglum er ráðherra setur að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis.

Verslanir og birgðageymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti og gilda um birgðageymslurnar ákvæði laga þessara, eftir því sem við á.

Ráðherra getur heimilað einkasölu ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neysluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölu ríkisins skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum sem þannig eru seldar.

Leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

Almenn ákvæði um tollvörugeymslur.

80. gr.

Tollgæslan getur, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvörugeymslum. Geymsluhafi eða leyfishafi skal leggja til þá aðstoð sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Leyfishafi og geymsluhafi eru skyldir til að færa nákvæmt birgðabókhald og sýna tollgæslunni það hvenær sem krafist er. Þeir eru skyldir til að gefa tollgæslumönnum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi geymsluvörur og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

81. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir þó ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða fars.

82. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

83. gr.

Geyma má í tollvörugeymslum vörur sem einkasala ríkisins nær til liggi fyrir leyfi viðkomandi einkasölu.

84. gr.

Óheimilt er að neyta varnings sem er í tollvörugeymslu eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

85. gr.

Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn sem sett var í tollvörugeymslu.

Komi fram vöntun á vörum sem leyfi hefur verið veitt til að settar verði í tollvörugeymslu, hvort sem vöntun kemur fram við flutning í eða eftir að þær hafa verið settar í tollvörugeymslu, er geymsluhafi eða leyfishafi skyldur að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Um skemmdir eða rýrnun gilda ákvæði 9. tölul. 6. gr.

86. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns sem hverju sinni má setja í tollvörugeymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugeymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru þótt í smærri stíl sé en hér var greint samkvæmt reglum sem um það verða settar.

87. gr.

Ákvæði IV. kafla, um tollmeðferð o.fl., V. kafla, um aðflutningsskýrslu og aðra skýrslugjöf, og VII. kafla, um almenn ákvæði, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddra vara, skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvörugeymslur.

88. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugeymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollvörugeymslu og færslu vara milli tollvörugeymslna.

89. gr.

Þeim sem leyfi hafa til reksturs tollvörugeymslu ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit með tollvörugeymslu eða vörum í henni eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð, sbr. 8. mgr. 64. gr.

IX. KAFLI

Tollfrjáls svæði.

90. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað að komið verði upp tollfrjálsum svæðum, frísvæðum. Ákvæði 73. gr. skulu gilda um slíka leyfisveitingu.

91. gr.

Eigendum frísvæðis er skylt:

a. Að geyma vörur í húsnæði eða á athafnasvæði sem samþykkt er af tollyfirvöldum eða á annan þann hátt er tollyfirvöld ákveða.
b. Að sjá til þess að ótollafgreiddar vörur fari hvorki út af frísvæðinu án leyfis tollyfirvalda né verði notaðar á annan veg en leyfilegt er.
c. Að færa þær skrár og gefa þær upplýsingar um rekstur frísvæðisins sem tollyfirvöld ákveða.
d. Að láta í té þá aðstoð sem til þarf við eftirlit með starfsemi frísvæðisins og til skoðunar á vörum sem þar eru geymdar.

92. gr.

Vörur sem geymdar eru á frísvæði geta hlotið þar aðvinnslu vegna verslunar með þær, m.a. til að auka gæði þeirra eða viðskiptavirði. Ráðherra setur nánari reglur um slíka aðvinnslu.

Einkaneysla eða einkanot á vörum sem fluttar hafa verið inn á frísvæði án greiðslu aðflutningsgjalda eða gegn endurgreiðslu gjalda er óheimil. Ákvæði þetta á þó ekki við um leyfileg not af tollfrjálsum forða fars. Kaup eða sala svo og hvers konar afhending eða viðtaka á nefndum vörum til slíkra nota er jafnframt óheimil á frísvæðinu.

93. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um flutning á vörum inn á frísvæði og ákveðið að sérstakt fyrirkomulag skuli gilda um geymslu þeirra og flutning þar.

94. gr.

Flutning vöru til og frá frísvæði skal tilkynna viðkomandi tollyfirvaldi. Um flutning vöru af frísvæði í tollvörugeymslur gilda ákvæði VIII. kafla.

95. gr.

Aðflutningsgjöld af vöru sem tekin er til tollmeðferðar vegna sölu eða afhendingar eða eigin nota hér á landi miðast við tollflokkun hennar samkvæmt tollskrá þegar hún er tekin til tollmeðferðar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

96. gr.

Ákvæði V. kafla, um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir, og VII. kafla, um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru, gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um meðferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gæslu frísvæða og um nauðsynlegar takmarkanir á umferð til þeirra og frá.

X. KAFLI

Álagning tolla, úrskurður tollstjóra, kærur o.fl.

Álagning tolla.

97. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi skuli reikna út tolla í aðflutningsskýrslu sem greiða ber við innflutning af tollverði vöru eða sendingar samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og þau gjöld önnur sem á eru lögð við innflutning. Tollyfirvald endurskoðar álagningu innflytjanda og má leiðrétta augljósar reikniskekkjur, hvort sem þær snerta einstaka liði í aðflutningsskýrslu eða heildarniðurstöðu, svo og einstaka aðra liði í aðflutningsskýrslu, enda séu óyggjandi upplýsingar fyrir hendi.

98. gr.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið afhent tollyfirvaldi að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða tollyfirvald telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal skora á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta skriflega í té skýringar og þau gögn sem tollyfirvald telur þörf á að fá. Ef eigi er bætt úr nefndum annmörkum á fullnægjandi hátt skal tollyfirvald áætla tollverð vöru og aðflutningsgjöld samkvæmt meginreglum laga þessara. Sama skal gert ef aðflutningsskjölum er ekki skilað vegna innflutnings á vöru eða sendingu.

Telji tollyfirvald, þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr., að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollmeðferð vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal tollyfirvaldi heimilt án dómkvaðningar að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Tollyfirvaldi er einnig heimilt að láta fara fram á kostnað innflytjanda sérfræðilega rannsókn á vöru sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokkunar hennar.

99. gr.

Hafi tollyfirvald heimilað afhendingu vöru eða sendingar og hún verið tekin úr vörslu farmflytjanda eða póststofnunar og innflytjandi látið í té í aðflutningsskýrslu sinni og meðfylgjandi gögnum fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á er óheimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld, nema innflytjandi óski innan 60 daga frá því að heimild var veitt til afhendingar eftir endurákvörðun tolls eða tollyfirvald tilkynni innflytjanda endurákvörðun sína innan sama tíma.

Endurákvörðun tolla og annarra gjalda sem innheimt eru við innflutning skal þó heimil þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafi innflytjandi fengið vöru tollafgreidda samkvæmt reglum um einfaldari tollmeðferð vöru. Sama gildir hafi innflytjandi ekki áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda eða vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru eða sendingar, t.d. flutt sams konar eða svipaða vöru til landsins áður og fengið tollafgreidda undir ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollyfirvalds en tollflokkað þá vöru eða sendingu sem endurákvarða á aðflutningsgjöld á undir annað tollskrárnúmer án samþykkis tollyfirvalds eða úrskurður um tollflokkun sams konar vöru verið kveðinn upp og birtur. Sama skal gilda sé framlögðum gögnum áfátt, sbr. 1. mgr. 98. gr., og gjöld þannig vanreiknuð við tollafgreiðslu.

Tilkynna skal innflytjanda endurákvörðun aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein með ábyrgðarbréfi.

Úrskurður tollstjóra.

100. gr.

Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Kæru skal því aðeins taka til greina að vara eða sending sé í vörslu farmflytjanda eða póststofnunar eða tollstjóri hafi veitt sérstaka heimild til afhendingar hennar þrátt fyrir framkomna kæru. Úrskurða skal um kæru innan 30 daga frá því að hún berst. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi. Ríkistollstjóra skal þegar sent afrit af úrskurðinum.

Kærur vegna úrskurðar tollstjóra.

101. gr.

Úrskurði tollstjóra má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá uppkvaðningu.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun.

Nefndin skal tafarlaust senda ríkistollstjóra endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Ríkistollstjóri skal koma fram fyrir hönd ráðherra gagnvart nefndinni og skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem ástæða er talin til. Greinargerðin skal send nefndinni innan þess frests sem hún ákveður.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kæruna til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að þær bárust henni, nema því aðeins að viðhafður sé munnlegur málflutningur, en þá skal kveða upp úrskurð innan 30 daga frá málflutningi, þó þannig að heildarmálsmeðferð sé aldrei lengri en 60 dagar. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning sé byggð.

102. gr.

Nefndin skal gefa út úrskurði sína árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari. Útdrætti úr úrskurðum skal birta í Lögbirtingablaði, enda hafi þeir almennt gildi.

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Gilda ákvæði þau sem að framan eru rakin um slíkar kærur eftir því sem við á.

Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðum hennar fyrr en dómur er genginn.

XI. KAFLI

Innheimta aðflutningsgjalda o.fl.

Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður.

103. gr.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum, sbr. V. kafla, eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru, sbr. 2. mgr. 14. gr., þó eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

Aðflutningsgjöld af vörum sem heimilað hefur verið að setja í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði falla í gjalddaga þegar beiðni um úttekt ásamt tilskildum gögnum hefur verið afhent tollstjóra, sbr. 87. gr. og 96. gr.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 108. og 109. gr., sbr. 105. gr.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri (sendingarnúmeri). Þó skal samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnúmeri, enda hafi verið gefið út undirfarmskírteini eða undirflugfarmbréf vegna vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

104. gr.

Sé vara flutt inn til einkanota eða einkaneyslu skulu aðflutningsgjöld ávallt greidd þegar heimild til afhendingar hennar er veitt.

Sé varan flutt inn af aðila sem ekki á lögheimili hér á landi skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt.

Sé bú innflytjanda tekið til gjaldþrotaskipta, til meðferðar vegna nauðasamninga eða samkvæmt ákvæðum III. kafla í lögum nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir greiðslustöðvun.

105. gr.

Sé vara tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvörugeymslu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggi fyrir eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt því tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

106. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra þar sem varan er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins og skal það gert áður en heimild til afhendingar vöru er veitt, sbr. þó 109. gr. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi sem varan er send til.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað innflytjanda að greiða aðflutningsgjöld í öðru tollumdæmi, enda sé fullnægjandi gögnum varðandi tollmeðferðina framvísað hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan er geymd.

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 110. gr.

107. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

108. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins, hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar, settrar samkvæmt þessari málsgrein, er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Þar má einnig ákveða að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan 30 daga frá eindaga eins og hann verður ákveðinn samkvæmt þessari grein megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. 111. gr., og áætla tollverð hennar hafi fullnægjandi aðflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

109. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita innflytjendum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmönnum þeirra og miðlurum, svo og innflytjendum sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar, greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum, enda hafi þeir verið skráðir skv. 110. gr. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests má binda því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða hliðstæðrar ábyrgðar. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst sex mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð. Heimild til greiðslufrests fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. eiga við.

Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far kom á ákvörðunarstað, eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu. Aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði, skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til ákvörðunarstaðar eða úttektardag úr tollvörugeymslu. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. lögum nr. 36/1986. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem að fella niður greiðslufrest, tímabundið eða að fullu, eða stöðva tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda skv. þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.

Heimild til greiðslufrests sem veittur er í einu tollumdæmi skal gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öðrum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

110. gr.

Innflytjendur, sem lögheimili eiga hér á landi og flytja vörur inn í atvinnuskyni, skulu skráðir hjá tollyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskírteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt. Sama skal gilda um miðlara sem veita fyrrgreindum aðilum þjónustu við tollmeðferð og tollafgreiðslu á vöru í atvinnuskyni.

Lögveðsréttur, uppboð o.fl.

111. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á þeim sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar á vöru.

Nú er innflytjandi eða viðtakandi annar aðili en um ræðir í 1. mgr. og ábyrgjast þeir þá in solidum greiðslu aðflutningsgjalda.

Aðflutt vara er jafnframt að veði fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að taka hana í sína vörslu fyrr en afhendingarheimild

viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Gengur lögveðsréttur þessi fyrir öðrum veðum og er óháður grandleysi eiganda.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, hafa heimild til að halda uppboð og selja ótollafgreidda vöru án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum þeirra aðila sem um ræðir í 1.–3. mgr. og selja hið lögtekna á nauðungaruppboði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að setja vöru á uppboð vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta eyðileggja hana á kostnað innflytjanda.

Aðflutningsgjöld greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Heimilt er þó að greiða fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu til landsins. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangs er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur andvirðið til ríkissjóðs.

Vöntun.

112. gr.

Ef vöru vantar úr aðkomufari skal lækka aðflutningsgjöld með tilliti til verðmætis þess sem vantar í vörusendingu enda hafi verið gerð grein fyrir vöntun á þann hátt sem segir í 60. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað lækkun á aðflutningsgjöldum vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um lækkun aðflutningsgjalda vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina að hún berist innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð og á hana færðar þær sönnur sem tollyfirvald metur gildar.

Endursending vöru.

113. gr.

Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum sem sett verða í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum:

1. Að endurgreiða eða fella niður aðflutningsgjöld af vöru sem send er ónotuð aftur til útlanda gegn endurgreiðslu kaupverðs.
2. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð og endursend er til útlanda, enda viðurkenni seljandi að hann taki vöruna aftur vegna gallans.

114. gr.

Verði breyting á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg skal leggja hin nýju gjöld á þá vöru eða sendingu sem eigi hefur verið tekin til tollmeðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. þegar breytingin öðlast gildi þrátt fyrir að hún hafi verið flutt inn fyrir þann tíma.

Ef aðflutningsgjöld lækka eða eru felld niður eftir að fullnægjandi skjöl yfir vöru eða sendingu hafa verið afhent tollyfirvaldi skv. 2. mgr. 1. gr., en áður en heimild er veitt til afhendingar skal greiða hin lægri gjöld eða fella þau niður.

XII. KAFLI

Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

115. gr.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o.þ.h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en sex mánaða í senn.

116. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram

a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

117. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

118. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka undirboðs- og jöfnunartolla til bráðabirgða má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim sex mánuðum sem um ræðir í síðustu málsgrein 116. gr., ef um það er að ræða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 111. gr.

119. gr.

Ráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðum fyrir álagningu þeirra.

120. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra vara.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða framleiðslukostnaði sambærilegra vara sem framleiddar eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast í önnur tollskrárnúmer í tollskrá en innfluttar vörur. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæðar vörur á sama eða svipuðu framleiðslustigi þessara vara hér á landi.

Þegar innflutt vara telst í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðin þeim vörum sem framleiddar eru hér á landi er ráðherra heimilt að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu sambærilegra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða framleiðslukostnað samkvæmt þessari grein. Um lögvernd jöfnunarálags fer samkvæmt ákvæðum 111. gr.

XIII. KAFLI

Útflutningur.

121. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því tollumdæmi sem vara er tekin í far, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafist, svo og vörureikning um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafist varðandi útflutningsvöru og afhendingu hennar erlendis.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi, taki skipið ekki höfn áður en það flytur aftur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því tollumdæmi sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum vikið frá ákvæðum 4. mgr.

Ákvæði 110. gr. skulu gilda með sama hætti um útflytjendur og miðlara sem veita þeim þjónustu við útflutning á vörum.

122. gr.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum og vörunum skulu fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð við upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. um útfluttar vörur til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, eru atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

XIV. KAFLI

Refsing og önnur viðurlög, upptaka eigna og málsmeðferð.

Refsing og önnur viðurlög.

123. gr.

Það er ólöglegur innflutningur ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós að um borð í fari er vara sem ekki er færð á farmskrá eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð grein fyrir og skal þá litið svo á að eigandi hennar hafi gerst sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkvæmt lögum þessum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

124. gr.

Brot gegn ákvæðum 123. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, enda viti hann eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt.

125. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og skal þá refsað eftir þeim lögum.

126. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni að hvorki honum né þeim sem kemur fram fyrir hans hönd verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr., í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta sem veit eða má vita að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert skv. 123.–125. gr. skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar um þá sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollamál.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í næstu málsgrein hér að framan, sbr. 3. mgr. 122. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsiábyrgðina.

127. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

128. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar brotið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann sektum sem ábyrgð ber á lásnum eða innsiglinu nema hann geti gert sennilegt að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæslunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita ef maður aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

129. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út vörur af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu.

130. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, misnoti maður leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum og reglugerðum eða fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim.

131. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu.

132. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum sem skylt er eða þau ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða ákveðið kann að vera í reglugerð eða öðrum fyrirmælum eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Leiði vanræksla sem um ræðir í 1. mgr. til þess að rannsókn eða eftirlit með affermingu þurfi að fara fram á farmi fars eða öðru sem far flytur ber eigandi eða umráðamaður þess allan kostnað sem af því hlýst.

Það varðar stjórnanda fars sektum ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða eigi er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

133. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

134. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18.–20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru skv. 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara með 20% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð má innheimta 20% viðauka á þann toll eða önnur gjöld sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á getur tollyfirvald fallið frá innheimtu viðauka samkvæmt þessari grein, enda færi aðili gildar ástæður sér til málsbóta.

Sé málinu vísað til opinberrar rannsóknar skal við ákvörðun sektar hafa hliðsjón af viðauka sem innflytjanda hefur verið gert að greiða.

135. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Upptaka eigna.

136. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörslumaður hafi komist yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef ástæða er til að ætla að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

Nú verður refsiábyrgð ekki fram komið og er þá heimilt að beita eignaupptöku.

Verði ekki upplýst hver sökunautur er skal varan innan 30 daga frá því að hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

137. gr.

Farartæki sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnanda farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti sem segir í 111. gr.

Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar skv. 1. mgr.

138. gr.

Heimilt er að svipta þann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum.

Málsmeðferð.

139. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 50 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt eða 5. mgr. 136. gr., ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 100 000 kr.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr., eftir þeim reglum er hann ákveður.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Hafi einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæsluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans skal honum heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur, án þess að sæta kæru fyrir brot, enda sé um takmarkað magn að ræða sem nánar má ákveða í reglugerð.

140. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð.

XV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

141. gr.

Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

142. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka vöru eða sýnishorn af vöru til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.

Innflytjandi sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til ríkistollstjóra. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.

Ríkistollstjóri skal svara fyrirspurnum skriflega. Afrit af viðkomandi svari, ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum, skal senda fjármálaráðuneytinu.

143. gr.

Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins.

Samþykki tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrám skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Vörugreining í öðrum lögum byggð á tollflokkun samkvæmt tollnafnaskránni skal breytt til samræmis án þess að slíkar breytingar hafi áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá eða gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Breytingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

144. gr.

Toll og önnur gjöld skal leggja á og innheimta í heilum krónum þannig að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri fjárhæð sé sleppt. Tollverð og einstaka þætti þess skal tilgreina í aðflutningsskýrslu og tollverðsskýrslu með sama hætti.

145. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tolleftirliti. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

146. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skil tollyfirvalda á aðflutnings- og útflutningsskjölum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

147. gr.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

148. gr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7,5% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 905 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7,5% af því sem útsvarsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 744 250 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 568 250 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 3,0% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 091 000 kr.

Um barnabótaauka, þar á meðal um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr.

IV. KAFLI
Um skatt af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

16. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða skatt til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármagnsleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum, að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar, eins og nánar er mælt fyrir um í þessum kafla.

Innlendir aðilar skv. 1. mgr. eru einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, fyrirtæki sem eru skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

Skattskyldan hvílir á lántökum og leigutökum og skal hún nema 1% af höfuðstól láns- eða leigusamninga með gildistíma til allt að 6 mánaða, 2% af samningum með gildistíma frá 6 mánuðum til 12 mánaða og 3% af samningum með gildistíma yfir 12 mánuði.

Skattskylda samkvæmt þessari grein nær einnig til samninga um afhendingu í fríðu, þ.e. með vörum, þjónustu eða framkvæmdum.

Samanlagður samningstími skattskyldra láns- og leiguviðskipta samkvæmt kafla þessum segir til um í hvaða gjaldflokk þau falla.

17. gr.

Banki eða sparisjóður sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd skattskyldra samninga samkvæmt 16. gr. skal innheimta skatt samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Greiðsla skattsins skal eiga sér stað eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtum skatti skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtum skatti hvers mánaðar í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

18. gr.

Sé skattskyldur samningur skv. 16. gr. gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða skattinn um leið. Greiði þeir sem um ræðir í þessari grein ekki skattinn innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna skattskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema skattur hafi verið greiddur.

19. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn skatti samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skattskyld lán sem fara til endurlána sem afurðalán vegna útflutningsframleiðslu eru undanþegin skatti samkvæmt 16. gr. Fjármálaráðherra kveður nánar á um undanþágu þessa í reglugerð.

Undanþegnar skatti eru skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara enda fari hún fram fyrir 1. júlí 1988.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð.

20. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd kafla þessa. Getur hann m.a. kveðið á um að skattgreiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

V. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

21. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá sem ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin sem nema skal 1,5% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða áhættugjald er nemi 2,0% af ábyrgðar upphæð um leið og ábyrgð er veitt.

VI. KAFLI
Um ábyrgðargjald.

22. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. ábyrgðum, eins og höfuðstóll þeirra er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. þó 24. gr. Lántökur sem áhættugjald hefur verið greitt af samkvæmt 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. V. kafla þessara laga, eru undanþegnar gjaldi þessu.

Ábyrgðargjald samkvæmt 1. mgr. skal greiða ársfjórðungslega eftir á, í fyrsta sinn vegna 3. ársfjórðungs 1987. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjalds samkvæmt 22. gr. Ríkisábyrgðarsjóður hefur með hendi innheimtu gjaldsins og skilar því í ríkissjóð.

24. gr.

Afurðalán vegna útflutningsframleiðslu skulu undanþegin ábyrgðargjaldi samkvæmt 22. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn ábyrgðargjaldi samkvæmt 22. gr.

25. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd gjaldtöku samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þar á meðal um upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila, útreikninga, álagningu og innheimtu.

VII. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

a. Við tollskrárnr. 87.02.14 bætist orðin:
„þó ekki fjórhjól“

b. Við nr. 87.02 bætist nýr skiptiliður, 18, er orðist svo:
18 – – Fjórhjól, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .. 90%

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó skulu ákvæði 1. tölul. 11. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1987. Þá skulu ákvæði 2. tölul. 11. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1987.

Ákvæði III. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Vegna tímabilsins 11. júlí til 31. desember 1987 skal greiða bifreiðagjald er nemi 2 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Gjaldið skal þó aldrei vera lægra en 1 000 kr. og aldrei hærra en 5 000 kr. Gjalddagi bifreiðagjalds samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði er 15. október 1987 og eindagi 30. nóvember 1987. Ákvæði I. kafla laga þessara skulu að öðru leyti gilda um bifreiðagjald samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu eftir því sem við getur átt.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. mgr. 28. gr., verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt II. kafla laga þessara, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal skila sérstökum söluskatti, sbr. II. kafla laganna, af þessum viðskiptum í ríkissjóð. Kaupanda ber í þessum tilvikum að greiða seljanda viðbót við samningsgreiðsluna er svarar sérstökum söluskatti nema sannað sé að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt 1. tölul. 11. gr. laga þessara, skulu tilkynna skattstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, fyrir 1. ágúst 1987, um rekstur sinn eða starfsemi. Þeir, sem stunda starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt 2. tölul. 11. gr. laga þessara, skulu á sama hátt tilkynna starfsemi sína fyrir 20. ágúst 1987. Ákvæði 11. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um tilkynningar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

Aðilar, sem um ræðir í 1. mgr., er tilkynnt hafa skattstjóra um söluskattsskylda starfsemi sína samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960, eru undanþegnir tilkynningaskyldu samkvæmt 1. mgr.

IV

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vöru sem gjaldskyld er samkvæmt 1. tölul. 11. gr. þegar í stað og skal þá ekki innheimtur sérstakur söluskattur af henni við tollafgreiðslu, sbr. 13. gr. laga þessara og j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 10. ágúst 1987.

Innflytjendur vöru, sem um ræðir í VII. kafla og hafa fyrir gildistöku laga þessara afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða hana þegar í stað skulu ekki greiða toll af henni samkvæmt þessum lögum við tollafgreiðslu enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 18. júlí 1987.

V

Af vörum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölul. 11. gr. og greiða ber af sérstakan söluskatt við tollafgreiðslu, sbr. 13. gr. laga þessara og j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, en með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. ágúst 1987 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skal greiða sérstakan söluskatt nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1987.

Af vörum sem um ræðir í VII. kafla og hafa með leyfi tollyfirvalda verið afhentar innflytjendum fyrir 11. júlí 1987 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skal greiða toll samkvæmt lögum þessum nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 11. ágúst 1987.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

Stjórnartíðindi A 7, nr. 66—68. Útgáfudagur 10. júlí 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1987

3. júlí 1987 209 Nr. 69

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987—1990.

Alþingi hefur hinn 18. mars 1987 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir um vegáætlun fyrir árin 1987—1990.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1987—1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1987	1988	1989	1990
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	1450	1590	1633	1675
2. Km-gjald	540	588	604	620
3. Þungaskattur, árgjald	160	175	180	185
	2150	2353	2417	2480
1.2. Önnur framlög	0	1463	1495	1526
Samtals	2150	3816	3912	4006

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1987		1988		1989		1990	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	70		74		77		79	
2. Tæknilegur undirbúningur	48		55		62		65	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	12		13		14		14	
4. Eftirlaunagreiðslur	5		6		6		6	
		135		148		159		164
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Sumarviðhald								
1. Viðhald malarvega	198		210		214		223	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	151		160		163		170	
3. Viðhald brúa	31		33		34		35	
4. Viðhald varnargarða	4		4		4		4	
5. Heflun vega	112		119		122		126	
6. Rykbinding	41		44		45		47	
7. Vinnsla efnis	105		111		114		118	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	23		24		25		26	
9. Vegmerkingar	6		6		6		6	
	671		711		727		755	
2. Vetrarviðhald	207		222		234		240	
		878		933		961		995
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Almenn verkefni	251		249		254		258	
2. Bundin slitlög	174		180		180		181	
3. Sérstök verkefni	193		183		186		187	
4. Ó-vegir	38		61		61		61	
5. Reykjavíkursvæðið	20		52		55		59	
	676		725		736		746	
2. Þjóðbrautir	133		142		145		148	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	24		25		25		25	
4. Girðingar og uppgræðsla	14		15		15		15	
		847		907		921		934
2.4. Til brúagerða:								
1. Brýr 10 m og lengri	56		60		61		61	
2. Smábrýr	10		11		11		11	
		66		71		72		72
2.5. Til fjallvega o.fl.:								
1. Aðalfjallvegir	5		6			6		8
2. Aðrir fjallvegir	5		6		6		7	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	4		4		4		5	
5. Reiðvegir	1		1		1		1	
		15		17		17		21
2.6. Til sýsluvega:		75		122		125		128
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		124		143		150		154
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0		0		0		0
2.9. Til tilrauna:		10		12		12		12
		2150		2353		2417		2480
Óráðstafað				1463		1495		1526
Samtals		2150		3816		3912		4006

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur			
10—11	Um Mýrdalssand		15,0	22,5
16—17	Sýslumörk—Sandhólmavegur	2,5		
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá	0,5		
30	Skeiðavegur			
04	Þjórsárdalsvegur—Hrunamannavegur			5,3
35	Biskupstungnabraut			
04	Laugarvatnsvegur—Skálholtsvegur			3,2
1	Vesturlandsvegur			
12	Höfðabakki—Úlfarsfellsvegur	3,0		
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur		15,9	14,0
41	Reykjanesbraut			
02	Breiðholtsbraut—Vífilsstaðavegur	22,0		
07	Grindavíkurvegur—Hafnavegur	4,0		
416	Álftanesvegur		4,1	
431	Hafravatnsvegur			
02	Úlfarsfellsvegur—Vesturlandsvegur	2,0		
1	Vesturlandsvegur			
01	Rannsóknir í Hvalfirði		1,0	
01	Önundarhóll—fjárrétt		5,5	
02	Um Kalastaðahæð	0,8		
08	Ofan Borgarness	3,3		
09	Eskiholtslækur—Gljúfurá		9,5	20,1
12	Arnarbæli—Dýrastaðir			18,6
12	Hvammshorn—Sanddalsá	1,8		
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará		2,2	19,4
04	Hítará—Kaldá	10,6		
05	Núpá—Skógarnesvegur			7,9
07	Vegamót—Hrísdalur		10,9	
11	Snæfellsnesvegur—Fossá	17,0	2,6	
57	Snæfellsnesvegur			
07—08	Stykkishólmsvegur—Helgafellssveitarvegur	4,9	6,0	
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja	1,0	2,3	
60	Vestfjarðavegur			
03	Gröf—Snæfellsnesvegur	5,6		
60	Vestfjarðavegur			
03	Mýrartunga—Klettur	5,0		8,5
05	Þorskafjarðarvegur—Gröf	2,0		
11	Vattarnes—Eiði	2,5		15,9
14	Vatnsdalsá—Flókalundur		8,5	
17	Um Dynjandisá	2,0		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur			
18	Djúpagil—Arnarneshamar		14,8	4,2
62	Barðastrandarvegur			
05	Örlygshafnarvegur—Patreksfjörður	4,5	11,6	6,4
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Botn—Laugar		10,6	
68	Hólmavíkurvegur			
06	Guðlaugsvík—Stikuháls	7,0	2,1	
06	Stikuháls—Þambá		7,4	
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður	5,0		
1	Norðurlandsvegur			
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur	4,5		
06	Víðidalsvegur vestri—Víðidalsvegur eystri		16,4	
14—15	Gilshús—Valadalsá	12,0		
18	Miðhús—Miklibær		9,7	
19	Miklibær—Kjálkavegur		7,2	10,0
72	Hvammstangavegur			
01	Norðurlandsvegur—Hvammstangi		6,9	6,2
74	Skagastrandarvegur			
01	Vatnahverfi—Þverárfjallsvegur	3,0		
76	Siglufjarðarvegur			
02	Um Gljúfurá		3,8	
04	Sleitustaðir—Hofsósbraut			3,8
10	Um Mánárskriður	1,5		
11	Gangamunni—Siglufjörður	1,0		
1	Norðurlandsvegur			
03	Þverá—Hörgárdalsvegur			9,5
04	Hörgárdalsvegur—Krossastaðir		12,7	26,5
15	Fnjóskadalsvegur eystri—Norðausturvegur	30,0		
18	Austurhlíðarvegur—Kárhóll	5,0		
20	Mývatnsvegur—Garður		3,2	
85	Norðausturvegur			
26	Hafralónsá—Langanesvegur		7,4	
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01—02	Hvammur—Miðbraut	24,0	9,5	
845	Aðaldalsvegur			
02	Staðarbraut—Norðausturvegur		3,2	
1	Austurlandsvegur			
08	Um Teigará			2,1
13	Egilsstaðanes			2,1
22	Stigi—Krossá	11,0	2,1	
22	Ós—Karlsstaðir			5,3
25—26	Fossá—Framnes			4,3
27	Merki—Valtýskambur			1,1
38	Mánagarður—Myllulækur			4,2
47	Hnappavellir—Hof	8,0	5,3	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
85	Norðausturvegur			
04	Á Sandvíkurheiði			6,4
92	Norðfjarðarvegur			
07	Hólmaháls	5,0	2,1	
09	Eskifjörður—Sandskeið	11,0	5,3	5,3
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará	3,0		
02	Steinholt—Langahlíð		7,4	3,2
03	Neðri-Stafur	4,0		
96	Suðurfjarðavegur			
01	Vegamót—Handarhald			12,7
01	Götuhjalli—Eyri			3,2
03	Um Torfuneslæk			2,1
04	Skriður—Höfðahús		6,3	
05	Höfðahús—Brimnes	3,0		
10	Stöðvará—Kambanes		4,2	
12	Breiðdalsvík—Staðarborg	11,0		
918	Vopnafjarðarvegur			
05	Teigará—Sunnudalsvegur		6,3	
06	Sunnudalsvegur—Hof	7,0		
	Samtals	251,0	249,0	254,0

1.2. Bundin slitlög.

1	Suðurlandsvegur			
14	Vík—Dyrhólavegur	14,0		
16—17	Sýslumörk—Sandhólmavegur			2,2
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá		2,1	
30	Skeiðavegur			
04	Þjórsárdalsvegur—Hrunamannavegur		5,2	
35	Biskupstungnabraut			
03	Búrfellsvegur—Laugarvatnsvegur	7,0		
04	Laugarvatnsvegur—Skálholtsvegur		17,6	8,6
37	Laugarvatnsvegur			
01	Biskupstungnabraut—Gjábakkavegur			2,2
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur		2,1	
1	Vesturlandsvegur			
13	Úlfarsfellsvegur—Hafravatnsvegur		5,4	
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur	8,0		
18	Kjósarskarðsvegur—Hvítanes			10,5
41	Reykjanesbraut			
05	Krýsuvíkurvegur—Vatnsleysustrandarvegur		2,2	
415	Bessastaðavegur			
01	Hafnarfjarðarvegur—Álftanesvegur			3,2
416	Álftanesvegur			6,3

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
431	Hafravatnsvegur			
02	Úlfarsfellsvegur—Vesturlandsvegur		5,4	
1	Vesturlandsvegur			
01	Önundarhóll—fjárrétt		3,6	
09	Eskiholtslækur—Skarðslækur			8,3
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará		6,5	
04	Hítará—Kaldá	7,4	3,8	
07	Vegamót—Hrísdalur			3,7
11	Snæfellsnesvegur—Fossá		7,2	
57	Snæfellsnesvegur			
07—08	Stykkishólmsvegur—Helgafellssveitarvegur		12,4	
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja		2,5	
60	Vestfjarðavegur			
07—08	Búðardalur—Sælingsdalsvegur	5,6		
60	Vestfjarðavegur			
03	Mýrartunga—Hríshóll		4,2	
05	Þorskafjarðarvegur—Gröf		7,3	
14	Vatnsdalsá—Flókalundur		3,2	
23	Lambadalur—Hjarðardalur	9,0		
24	Ingjaldssandsvegur—Bjarnardalur			12,6
61	Djúpvegur			
16	Seljaland—Súðavík	11,5		
18	Djúpagil—Arnarneshamar			9,5
62	Barðastrandarvegur			
05	Örlygshafnarvegur—Patreksfjörður	3,0		10,5
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Botn—Suðureyri	4,3		4,2
68	Hólmavíkurvegur			
06	Guðlaugsvík—Stikuháls		6,3	
06	Stikuháls—Þambá			5,2
10	Hvalsá—Tröllatunguvegur	2,2		
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður	4,0		
1	Norðurlandsvegur			
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur	8,9		
06	Víðidalsvegur vestri—Víðidalsvegur eystri			12,0
07	Víðidalsá—Þorkelshóll	3,2		
14—15	Gilshús—Valadalsá		7,5	
18	Miðhús—Miklibær			4,6
19	Miklibær—Kjálkavegur			1,0
72	Hvammstangavegur			
01	Norðurlandsvegur—Hvammstangi			7,7
74	Skagastrandarvegur			
01	Vatnahverfi—Þverárfjallsvegur	9,2		
02	Þverárfjallsvegur—Skagavegur		2,3	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
75	Sauðárkróksbraut			
06	Hegranesvegur vestri—Hegranesþing			9,7
76	Siglufjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Hjaltastaðir	2,9	3,2	
11	Gangamunni—Siglufjörður	1,8		
1	Norðurlandsvegur			
01	Grjótá—Öxnadalsá	8,0		
04	Hörgárdalsvegur—Krossastaðir			6,4
09	Eyjafjarðarbraut vestri—Eyjafjarðarbraut eystri	4,0		
12	Svalbarðseyri—Grenivíkurvegur	10,0		
15	Fnjóskadalsvegur eystri—Norðausturvegur		7,4	
18	Aðaldalsvegur—Brún	8,0		
85	Norðausturvegur			
21	Raufarhöfn—flugvöllur		3,2	
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01—02	Hvammur—Miðbraut		3,2	11,6
845	Aðaldalsvegur			
02	Staðarbraut—Norðausturvegur		4,2	
1	Austurlandsvegur			
11	Ekkjufellssel—Fellabær	5,0		
22	Skrúðskambur—Krossá			9,5
29—30	Blábjörg—Starmýri		4,3	
32	Hvalnes—Víkurá		5,3	
33—34	Össurá—Þorgeirsstaðir		8,7	
41—43	Uppsalir—Jökulsá			10,9
85	Norðausturvegur			
06	Um Nýpslón	4,0		
92	Norðfjarðarvegur			
04	Neðstabrú—Skriður	10,0	2,1	
07	Um Hólmaháls		4,2	
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará	3,0		
02	Steinholt—Langahlíð			10,1
03	Efri-Stafur—Neðri-Stafur	2,0	8,0	
94	Borgarfjarðarvegur			
01	Vegamót—Mýnes		6,7	
96	Suðurfjarðavegur			
04	Skriður—Höfðahús			9,5
05	Höfðahús—Brimnes	5,0		
10	Stöðvará—Kambanes	3,0	4,2	
12	Breiðdalsvík—Staðarborg	5,0		
931	Upphéraðsvegur			
06—08	Atlavík—Hafursá	5,0	8,5	
	Samtals	174,0	180,0	180,0

1.1. og 1.2. Almenn verkefni og bundin slitlög 1990.

	1990 fjárv. m.kr.
Suðurland	44,0
Reykjanes	34,0
Vesturland	78,0
Vestfirðir	79,0
Norðurland vestra	56,0
Norðurland eystra	55,0
Austurland	93,0
Samtals	439,0

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
18	Um Markarfljót				12,7
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós	60,0	63,5	42,5	10,6
36	Þingvallavegur				
06—01	Kárastaðir—Stardalur	9,0	14,8	5,3	
1	Vesturlandsvegur				
17—19	Um Hvalfjörð			15,9	21,3
41	Reykjanesbraut				
02—03	Reykjavík—Hafnarfjörður	28,0			
1	Vesturlandsvegur				
14	Um Holtavörðuheiði	19,0	22,2	31,9	31,9
60	Vestfjarðavegur				
22	Um Dýrafjörð		12,7	10,6	21,3
61	Djúpvegur				
01—05	Tenging Inn-Djúps	23,0	10,6	21,3	
1	Norðurlandsvegur				
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	11,0	11,6		
18—21	Miðhús—sýslumörk			21,3	21,2
1	Norðurlandsvegur				
01—04	Sýslumörk—Ólafsfjarðarvegur			15,9	15,9
09—10	Eyjafjarðarbraut vestri—Vaðlaheiðarvegur	24,0	29,6		
1	Austurlandsvegur				
30—32	Hof—Össurá	19,0			
85	Norðausturvegur				
10—16	Vopnafjörður—Hérað		1,0	1,0	38,3
92	Norðfjarðarvegur				
09	Um Oddsskarð		17,0	20,3	13,8
	Samtals	193,0	183,0	186,0	187,0

1.4. Ó-vegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur				
25	Um Óshlíð	28,0	13,0	13,0	12,0
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	10,0	48,0	48,0	49,0
	Samtals	38,0	61,0	61,0	61,0

1.5. Reykjavíkursvæðið.

40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Kópavogslækur—Vífilsstaðavegur		14,0	52,0	59,0
41	Reykjanesbraut				
02	Breiðholtsbraut—Vífilsstaðavegur	20,0	31,0	3,0	
03	Vífilsstaðavegur—Hafnarfjörður		7,0		
	Samtals	20,0	52,0	55,0	59,0

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur			
02	Hrafntóftir—Þykkvabæjarvegur	2,2		5,3
26	Landvegur			
01	Suðurlandsvegur—Hagabraut	7,5	5,3	
204	Meðallandsvegur		2,1	
215	Reynishverfisvegur	2,0	1,1	
219	Péturseyjarvegur			1,0
240	Stórhöfðavegur		6,9	2,6
252	Landeyjavegur			
06	Ártúnsvegur—Suðurlandsvegur		1,1	
255	Akureyjarvegur	2,0	1,6	
261	Fljótshlíðarvegur			
02	Hvolsvöllur—Hlíðarendi	4,0		
03—04	Hlíðarendi—Háimúli		5,3	
264	Rangárvallavegur			
02—03	Gunnarshólmi—Suðurlandsvegur	4,0		6,3
275	Ásvegur			
03—04	Í Þykkvabæ	1,5		
30	Hrunamannavegur			
07	Haukholt—Einholtsvegur			3,2
32	Þjórsárdalsvegur			
01	Skeiðavegur—Stóra-Núpsvegur	6,8	4,2	
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Suðurlandsvegur—Hamarsvegur	2,0	2,1	
02	Hamarsvegur—Stokkseyri			3,2

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
35	Biskupstungnabraut			
05—06	Skálholtsvegur—Einholtsvegur			4,2
37	Laugarvatnsvegur			
03	Laugarvatn—Reykjavegur	1,0	4,2	
305	Villingaholtsvegur		2,1	
314	Holtsvegur			1,6
358	Einholtsvegur			8,5
374	Hvammsvegur			1,1
42	Krýsuvíkurvegur			
01	Reykjanesbraut—Vatnsskarð		7,8	2,2
425	Nesvegur			
02	Reykjanesviti—Grindavík	9,0		
427	Ísólfsskálavegur			
03	Grindavík—Þórkötlustaðahverfi			1,1
461	Meðalfellsvegur			
01	Vesturlandsvegur—Kjósarskarðsvegur		2,2	6,7
50	Borgarfjarðarbraut			
01	Um Þverá hjá Geitabergi	3,6	0,5	
02	Um Hesthváls	2,4		
04	Kleppjárnsreykir—Hvítá		2,2	7,5
05	Hvítá—Síðumúlaveggir			1,8
05	Lundar—Varmaland	3,1		6,2
56	Kerlingarskarðsvegur			
01	Vegamót—Hjarðarfell	4,6	1,0	
502	Svínadalsvegur			
	Snjóastaðir	2,0		
504	Leirársveitarvegur			
	Snjóastaðir	0,9		
505	Melasveitarvegur			
	Snjóastaðir	2,0		
508	Skorradalsvegur			
02	Hjá Vatnsenda			3,2
518	Hálsasveitarvegur			
01	Borgarfjarðarbraut—Reykholtdalsvegur		11,7	
03	Um Húsafellsskóg		5,4	
527	Varmalandsvegur			
01	Einifell—Svartagil		0,7	
539	Staðarhraunsvegur			
	Snjóastaðir	1,0		
540	Hraunhreppsvegur			
	Snjóastaðir	1,0		
574	Útnesvegur			
	Snjóastaðir—lagfæringar			10,3
04	Utan Gufuskála	1,1		
577	Helgafellssveitarvegur			
01	Snæfellsnesvegur—Snæfellsnesvegur		4,4	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
581	Hörðudalsvegur			
01	Um Geirshlíð	1,2		
590	Klofningsvegur			
04	Sveinsstaðir—Klofningur	4,1		
593	Efribyggðarvegur			
01	Hella—Flekkudalsá		2,1	
614	Rauðasandsvegur			
01	Ofan Bjarngötudals			1,0
633	Vatnsfjarðarvegur			
02	Sveinhúsanes—Skálavík			14,0
03	Skálavík—Kelda		10,7	
643	Strandavegur			
07—08	Kjörvogur—Norðurfjörður	4,0		
645	Drangsnesvegur			
01	Strandavegur—Drangsnes	10,0	4,3	
704	Miðfjarðarvegur	0,4		
711	Vatnsnesvegur			
03	Um Tjarnará			4,2
07	Síðuvegur—Norðurlandsvegur	3,6		
731	Svínvetningabraut			
02—03	Tindar—Blöndubrú	3,5	4,2	
734	Svartárdalsvegur			
01	Um Fjósaklif		2,6	
745	Skagavegur			
03	Um Laxá í Nesjum			1,1
08	Í Laxárdal	1,4	1,1	
752	Skagafjarðarvegur	1,0		8,5
758	Austurdalsvegur	0,5		
764	Hegranesvegur vestri			3,2
767	Hólavegur			
01	Víðinesá—Hólar		2,6	
02	Hólar—hesthús		1,6	
769	Ásavegur		3,2	
783	Höfðastrandarvegur	2,0		
787	Flókadalsvegur	1,5		
792	Flugvallarvegur í Siglufirði	2,1	1,7	
83	Grenivíkurvegur			
01—02	Norðurlandsvegur — Fnjóskadalsvegur eystri	2,0	4,7	
803	Kleifarvegur			
02	Garðsvegur—Sólheimar		2,1	
805	Svarfaðardalsvegur			
02	Hreiðarstaðakot—Hóll			6,8
806	Tunguvegur			
01	Svarfaðardalsvegur—Skíðadalsvegur	4,5		
812	Bakkavegur			
01	Sjávarbakki—Pálmholt			1,1

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.
814	Staðarbakkavegur			
01	Hörgárdalsvegur—Flaga	1,5		
815	Hörgárdalsvegur			
01	Norðurlandsvegur—Melar			3,7
824	Finnastaðavegur			
01	Finnastaðaá—Gilsbakki		4,8	
830	Svalbarðseyrarvegur			
02	Norðurlandsvegur—Svalbarðseyri			6,8
844	Bárðardalsvegur eystri			
01	Kálfborgará—Arnarstaðir	6,7		
846	Austurhlíðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Stóru-Laugar		0,5	
848	Mývatnsvegur			
01	Vagnbrekka—Stekkjarnes	2,7	3,2	
849	Baldursheimsvegur			
01	Norðurlandsvegur—Litla-Strönd	0,6		
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit			
01	Kísilvegur—flugvöllur		2,6	
851	Út-Kinnarvegur			
01	Um Leikskálaá			2,6
852	Sandsvegur			
01	Norðausturvegur—Sandur	1,0		
870	Kópaskersvegur			
01—03	Norðausturvegur—flugvöllur		2,1	
94	Borgarfjarðarvegur			
01	Vegamót—Eiðar	2,4	0,7	8,5
05	Um Bóndastaðaháls	2,0		
08	Skriður—Framnes			3,2
923	Jökuldalsvegur			
04	Jökla—Hrafnkelsdalsmynni		6,4	
931	Upphéraðsvegur			
06—08	Atlavík—Hafursá		3,2	
934	Múlavegur í Fljótsdal	2,0		
943	Hjaltastaðarvegur	4,0		
953	Mjóafjarðarvegur		2,5	4,3
954	Helgustaðavegur	0,6		
955	Flugvallarvegur Norðfirði		3,2	
964	Breiðdalsvegur	4,0		
	Samtals	133,0	142,0	145,0

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1987 fjárv. m.kr.	1988 fjárv. m.kr.	1989 fjárv. m.kr.	1990 fjárv. m.kr.
Fossá (349)	3,1			
Litlá (1)	5,7			
Þverá hjá Geitabergi (50)	8,0			
Fróðá (54)	8,0			
Bjarnardalsá (60)	3,3			
Vatnsdalsá (60)	10,0			
Dynjandisá (60)	4,0			
Guðlaugsvíkurá (68)	6,3			
Hofsá á Hofsósi (þjóðvegur í þéttbýli)	7,6			
Hofsós (275)		4,8		
Skurður hjá Krossi (sýsluvegur)		2,4		
Svínadalsá (461)		3,5		
Straumfjarðará (54)		12,2		
Gilsfjörður—rannsóknir (60)		1,0		
Bæjará (60)		3,9		
Gljúfurá (76)		4,2		
Grænilækur (1)		5,6		
Hafralónsá (85)		21,3		
Morsá (fjallvegur)		1,1	1,1	
Tungufljót (359)			25,2	
Bugða (461)			6,9	
Geiradalsá (60)			6,8	
Tjarnará (711)			5,3	
Öxnadalsá (815)			7,3	
Leikskálaá (851)			4,6	
Teigará (1)			3,8	
Ölfusá—göngubrú (1)				15,5
Álftá (54)				8,0
Breiðdalsá (1)				23,6
Aðrar brýr				13,9
Samtals	56,0	60,0	61,0	61,0

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus og Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.

249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Púfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Púfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót, um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnarlóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.

36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Víknavegi norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á vestanverðri Miðnesheiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.

412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.

502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.
504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.

535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.

60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthás, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kýs bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða i sambandi við kosninguna, ef með þarf.

11. gr.

Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess, að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Enn fremur annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í umboði framangreindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómarar og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,
b. hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,
c. skipstjórar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,
d. forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiræðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjörræðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörræðismenn verða kjörstjórar.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

V. KAFLI
Kjörskrár.

14. gr.

Sveitarstjórnir annast um, að gerðar séu kjörskrár til alþingiskosninga, er fram eiga að fara, og skal samningu skráa vera lokið svo tímanlega, að þær verði lagðar fram svo sem fyrir er mælt í 19. gr.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. málsgr. 19. gr.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr. enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. þessarar greinar að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri og skal rita framan við mánaðardaginn: *Fær atkvæðisrétt.* Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin, skal oddviti í hreppnum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefur verið samin og þangað til hún hefur verið lögð fram samkvæmt 19. gr., skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefur legið frammi samkvæmt 19. gr., og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Tveimur mánuðum fyrir kjördag skal leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram, skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur. Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur, eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar tvær vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína með þeim rökum og gögnum, sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti, eða umboðsmenn þeirra. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn er mál getur varðað.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komist.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samning kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefur ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá, áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins. Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn sem mál getur varðað.

Dómsgjöld skal engin greiða í málum þessum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefur öðlast atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI
Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en 4 vikum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í kjöri eru.

27. gr.

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum.

Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 112. og 113. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórnmálasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.

Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

28. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

29. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

30. gr.

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VII. KAFLI
Umboðsmenn.

33. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá

framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

VIII. KAFLI
Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar, hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum kjörstjóra utan kjörfunda, sbr. 13. gr., og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) halda sams konar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefur borist áætlun um það (sbr. 22. gr.), og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi, og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

39. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem rækur er ger.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

40. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem hafa ekki skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a. m. k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

41. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista landsframboða með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka, sbr. 40. gr.

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA..., B, BB..., o. s. frv. eftir því sem við á.

42. gr.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar, sem saman eiga, sbr. 27. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. Auglýsingu skv. þessari mgr. skal birta eigi síðar en þrem vikum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

43. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir listann þannig breyttan í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum kjörstjórum utan kjörfunda.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra, og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda. Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda átta vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda.)

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár.)

hjá .....

(Staða.)

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

og get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár.)

.....

(Undirskrift kjósanda.)

Að .....

(Fullt nafn kjósanda.)

.....

(Heimili kjósanda.)

hafi undirskrifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar

(Embættisstimpill nægir ekki.)

.....

(Nafn.)



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annarra kjörstjóra, hver í sínu umdæmi, og færa hverja sendingu til bókar samkvæmt 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Skipstjórar þeir, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt 13. gr., skulu gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri er í 61. gr. getur.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla um 6 cm breidd hverjum lista, en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.

52. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 3. mgr. 42. gr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

53. gr.

Kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera á þennan hátt:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ..... (nafn stjórnmálasamtakanna).

54. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

55. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin, eins fljótt og verða má, afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsendingu þá seðla sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

56. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra: **Ónýtir seðlar,** á tvö **Ágreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI
Kjördagur.

57. gr.

Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram skal kjördagur vera hinn sami um land allt, annar laugardagur í maímánuði.

Allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

X. KAFLI
Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

58. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður.

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

59. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

60. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð þar, sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti en 6,5 mm víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir

strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

61. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað, meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

62. gr.

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

63. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a. í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b. í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c. um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d. í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a- og b- lið 1. málsgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri skv. a- og b-lið fyrri mgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og skv. nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þrem vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

64. gr.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt

heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 72. gr.) annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa.

65. gr.

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

66. gr.

Áður en kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, fær afhent kjörgögn skal hann, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og nafnnúmer.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á er hann hefur skrifað á seðil sinn og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjóra og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

67. gr.

Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem um getur í 1. mgr. 66. gr. Þeir skulu og hafa aðgang að skránni um aðsend atkvæði, sbr. 1. mgr. 71. gr.

68. gr.

Þegar gengið hefur verið frá fylgibréfinu samkvæmt ákvæðum 66. gr., skal kjósandinn láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild, þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Síðan innsiglar kjörstjóri umslagið með lakki og þar til gerðu innsigli. Þó gildir sú meðferð ekki um þá atkvæðaseðla, er getur í 2. mgr. 71. gr. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi. Þar skal og greina nafnnúmer kjósanda.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

69. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtst.

70. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

71. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (borgarfógeta) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti (borgarfógeti) síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur, áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

72. gr.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

73. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, uns hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr., 2. málsgr.

74. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

75. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

76. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 71. gr.). Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

77. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild (sbr. 82. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

78. gr.

Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

79. gr.

Dómsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þeirra, er getur í 78. gr., en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnum.

80. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

81. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Áður en kjósandi fær afhentan kjörseðil, skal hann, ef kjörstjórn óskar þess, sanna hver hann er, með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt.

82. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

83. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

84. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

85. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

86. gr.

Kjósandi má ekki hagga neitt við listum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

87. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi

inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

88. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

89. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

90. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

91. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

92. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

93. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

94. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

95. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 69. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréf og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

96. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefur utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 82. gr.), eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera, eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 64. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

97. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um það, hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, og leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

98. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

99. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

100. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 69. og 91. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 97. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til

þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók, sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

101. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og sendir þær dómsmálaráðuneytinu, sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

XIII. KAFLI
Kosningaúrslit í kjördæmum.

102. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

103. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

104. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 5. mgr. 71. gr. skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

105. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. Ef kjörseðill er auður.
2. Ef ekki verður séð, við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af listum, sem í kjöri eru.
3. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil.
4. Ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.
5. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

106. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálasamtaka o.s.frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

107. gr.

Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum samkvæmt 32. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

108. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um, að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, uns úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst loka með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

109. gr.

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 2. mgr. 115. gr.

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers

frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

XIV. KAFLI
Úthlutun þingsæta.

110. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

111. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum í kjördæmum.

Þingsætum hvers kjördæmis skv. a- og b-lið fyrri mgr. 5. gr. skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Deila skal tölu gildra atkvæða í hverju kjördæmi með þingsætatölu þess og kallast útkoman kjördæmistala. Brot úr heilli tölu skal fella niður.
2. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem flest atkvæði hefur hlotið. Frá atkvæðum hans skal síðan draga kjördæmistöluna. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur hæsta atkvæðatölu o.s.frv. Með atkvæðatölu lista er átt við atkvæði sem listinn hlaut að frádreginni kjördæmistölu svo oft sem hann hefur hlotið þingsæti.
3. Úthluta skal skv. ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heila tölu fyrir ofan.

Nú hefur sá listi, sem fæst atkvæði hlaut, færri atkvæði en nemur ⅔ kjördæmistölunnar og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. þessari grein. Skal þá draga atkvæði listans frá gildum atkvæðum í kjördæminu og reikna kjördæmistöluna að nýju. Eigi ákvæði þessarar mgr. þá við þann lista, sem næstfæst atkvæði hlaut, skal beita því á ný, og svo oft sem þarf. Ákvörðun kjördæmistölu með þessum hætti skal lokið áður en úthlutun þingsæta skv. fyrri mgr. hefst.

112. gr.

Skipting óráðstafaðra þingsæta.

Þingsætum skv. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað til lista, skal skipta milli landsframboða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við þá skiptingu koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa þingsæti skv. 111. gr.

Til þess að finna hvernig skipta ber þingsætum skv. fyrri mgr. þessarar greinar milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Atkvæðum þeim, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölu sem er 1, 2, 3 o.s.frv. hærri en tala þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið skv. ákvæðum 111. gr. Útkomutölurnar eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o.s.frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.

113. gr.

Úthlutun þingsæta skv. kosningaúrslitum á landinu öllu.

Listar sem til álita koma. Við úthlutun þingsæta, sem hefur verið skipt á milli landsframboða skv. 112. gr., koma til álita þeir listar einir sem hlotið hafa atkvæði sem nema a.m.k. þriðjungi kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. 111. gr. Þá skal einungis ráðstafa þingsæti í kjördæmi sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu.

Ákvörðun kjördæmistölu. Kjördæmistölu skal einungis miða við þá lista sem til álita koma við frekari úthlutun þingsæta skv. þessari grein. Í því skyni skal fylgja eftirfarandi reglum:

a. Áður en úthlutun hefst skal reikna kjördæmistölur að nýju og nú að frádregnum atkvæðum og þingsætum þeirra lista sem ekki eiga rétt til sæta skv. þessari grein.
b. Finna skal atkvæðatölu lista við frekari úthlutun með því að draga frá atkvæðum hans hina nýju kjördæmistölu skv. a-lið svo oft sem listinn hefur hlotið þingsæti.
c. Þegar þingsæti er úthlutað til lista skv. þessari grein skal lækka atkvæðatölu hans sem nemur kjördæmistölu hverju sinni.
d. Kjördæmistölur og atkvæðatölur lista, sbr. a- og b-lið, skal reikna að nýju jafnóðum og hvert landsframboð hlýtur fulla tölu þingsæta.

Áfangar við úthlutun þingsæta. Þingsætum skv. þessari grein skal úthluta í fjórum áföngum. Úthluta skal sæti hverju sinni til þess lista sem hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu. Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun samkvæmt næsta áfanga hefst.

1. *áfangi:* Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu sem nemur 4/5 af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.
2. *áfangi:* Næst skal ráðstafa einu þingsæti, ef unnt er, til hvers kjördæmis sem ekki hlaut úthlutun í fyrsta áfanga. Í þessum áfanga skal þó ganga fram hjá lista hafi hann ekki fengið a.m.k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu.
3. *áfangi:* Þá skal ljúka úthlutun í öllum kjördæmum.
4. *áfangi:* Loks skal úthluta þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta skv. 112. gr. Skal úthluta sætinu skv. stafliðum a-e:
   a. Finna skal hvað atkvæði þeirra lista, sem til greina koma, sbr. 1. mgr., nema hárri hlutfallstölu af kjördæmistölu eins og hún var fyrst reiknuð skv. þessari grein.
   b. Hlutfallstölurnar skal leggja saman og deila samtölu þeirra með tölu þingsæta sem landsframboðið á að fá skv. 111. og 112. gr. og nefnist útkoman meðalhlutfall.
   c. Ákvarða skal nýja kjördæmistölu í þessum áfanga með því að margfalda kjördæmistölu skv. a-lið með meðalhlutfalli.
   d. Reikna skal listunum atkvæðatölur að nýju. Er það gert með því að draga frá atkvæðum hvers lista kjördæmistölu skv. c-lið, jafnoft og listinn hefur hlotið þingsæti.
   e. Þingsætinu skal úthluta þeim lista framboðsins sem nú hefur hæst hlutfall atkvæðatölu af kjördæmistölu skv. c-lið. Telst það til þess kjördæmis þar sem sá listi var boðinn fram.

114. gr.

Takist ekki að fylla tölu þingsæta í kjördæmi með ákvæðum 3. tölul. 3. mgr. 113. gr. skal ljúka úthlutun í hverju slíku kjördæmi eftir reglum 1. og 2. tölul. 111. gr. þrátt fyrir skiptingu þingsæta skv. 112. gr. Úthluta skal þingsæti skv. c-lið fyrri mgr. 5. gr. til eins þeirra

landsframboða sem nú skortir þingsæti. Ákvarða skal hlutfallstölur fyrir hvert landsframboð um sig samkvæmt ákvæðum a- til e-liðar 4. tölul. 3. mgr. 113. gr. Hlýtur sá listi sætið sem þá hefur hæsta hlutfallstölu.

Ef tvær eða fleiri tölur eru jafnháar þegar að þeim kemur við úthlutun skv. þessum kafla skal hluta um röð þeirra.

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans skv. þessum kafla og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

Ef einungis einn listi er í kjöri hlýtur hann öll þingsæti kjördæmisins.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 111.–115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið skv. fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

118. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

119. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað – eftir almennar alþingiskosningar – að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.) og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 111. gr. og úthluta þingsætum að nýju skv. 112. og 113. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XV. KAFLI
Kosningum frestað, uppkosningar og kosningar eftir þingrof.

120. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna. Yfirkjörstjórn í Reykjavík tekur ákvörðun um frestun kosninga þar. Hafi kosningu verið frestað, ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 100. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórnin hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

121. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 128. og 129. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

122. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI
Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

123. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík borgarfógeta), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð

kjörblöð með tilheyrandi umslögum svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefur verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefur verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík borgarfógeta).

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

124. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla, aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 108. gr., búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanna þeirra eða bæjarfógeta, sem úthlutuðu utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík borgarfógeta). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

125. gr.

Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 27. gr. Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.
2. Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.
3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.
4. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi

merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

5. Að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.
6. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni.

   Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.
7. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.
8. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI
Kosningakærur.

126. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

127. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til dómsmálaráðuneytisins, og fer um málareksturinn að hætti opinberra mála með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XIX. KAFLI
Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

128. gr.

Ef Alþingi berst kæra um, að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana, jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á mis-

fellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

129. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XX. KAFLI
Hvernig varamenn taka þingsæti.

130. gr.

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

XXI. KAFLI
Kostnaður.

131. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.
2. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.
3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI
Refsiákvæði.

132. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

133. gr.

Það varðar sektum:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.
2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.
4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 69. og 91. gr.).
5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.).
6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið.
7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu.
8. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.
9. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.).
10. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 6. tölulið 125. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.
11. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

134. gr.

Það varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.
2. Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.
3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila.
4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

135. gr.

Það varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.
2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

136. gr.

Það varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

137. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

9. október 1987 Nr. 81

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 1. október 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Upphafsmálsliður 1. mgr. 115. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, jarðfræðiskor, líffræðiskor, stærðfræðiskor og tölvunarfræðiskor.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 15. september 1988.

Menntamálaráðuneytið, 9. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um tollskrá.

Inngangur

Hinn 14. júní 1983 var Alþjóðlegur samningur um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá lagður fram af hálfu Tollasamvinnuráðsins til undirritunar. Við samning þennan var síðan gerð bókun hinn 24. júní 1986 með það fyrir augum að samningurinn gangi í gildi hinn 1. janúar 1988 og samræmda tollskráin verði frá og með sama tíma tekin í notkun við flokkun vara í tollskrám. Frá sama tíma tekur samræmda tollskráin við af núgildandi nafnaskrá Tollasamvinnuráðsins sem byggð er á samningi ráðsins frá 15. desember 1953.

Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. júní 1985 og ákvæði tekið upp í 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalög, til þess m. a. að taka upp samræmdu tollskrána vegna tollmeðferðar hérlendis á innfluttum og útfluttum vörum. Með vísan til framanritaðs skulu innfluttar og útfluttar vörur frá og með 1. janúar 1988 flokkaðar samkvæmt eftirfarandi tollskrá og tollur af innfluttum vörum greiddur í samræmi við eftirfarandi:

Vöruskrá með tolli

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll, nema annað sé tekið fram í auglýsingu þessari, tollalögum eða öðrum sérstökum lögum eða reglugerðum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Tollur skal vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá,

þannig, að dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu (Þ. e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Þýskalandi) eða sérstakir tolltaxtar gilda um, sbr. III. kafla auglýsingar nr. 404/1987:

0504.0001—0504.0009, 0511.9122, 0511.9129, 0511.9900, 1212.2009, 1402.1000—1404.1000, 1404.9009, 1501.0001, 1502.0001, 1504.1001—1506.0009, 1516.1002, 1516.1009, 1603.0009—1605.4029, 1605.9012, 1605.9019, 1605.0929, 2002.9001, 2004.9004, 2005.1010, 2103.3000, 2104.2021, 2104.2029, 2104.2039, 2201.1000, 2207.1000, 2207.2000, 2301.1001—2301.2029 og 2403.9901.

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.
   b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. töluliðar hér á eftir.
3. Nú kemur til álita samkvæmt reglu 2. töluliðar, eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
   a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnivara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álita með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.
   b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. töluliðar skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
   c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. töluliðar hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.
4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
   a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til íláta sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
   b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. töluliðar skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

FLOKKUR I

Lifandi dýr; vörur úr dýraríkinu

Athugasemdir:

1. Með tiltekinni ættkvísl eða tegund dýra í þessum flokki er átt við afkvæmi þeirrar ættkvíslar eða tegundar leiði ekki annað af samhenginu.
2. Hvarvetna í tollskránni tekur orðið *þurrkað* til vara sem hafa verið vatnssneyddar, eimaðar eða frostþurrkaðar leiði ekki annað af samhenginu.

1. KAFLI

Lifandi dýr

Athugasemd:

Til þessa kafla teljast öll lifandi dýr nema:

a. Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar í nr. 0301, 0306 eða 0307.
b. Ræktaðar örverur og aðrar vörur í nr. 3002.
c. Dýr í nr. 9508.

			A %	E %
0101		**Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr:**		
		– Hestar:		
	1100	– – Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
		– – Aðrir:		
	1901	– – – Reiðhestar	40	
	1902	– – – Til slátrunar	40	
	1909	– – – Annars	40	
	2000	– Asnar, múlasnar og múldýr	40	
0102		**Lifandi dýr af nautgripaætt:**		
	1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
	9000	– Önnur	40	
0103		**Lifandi svín:**		
	1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	40	
		– Önnur:		
	9100	– – Að þyngd minna en 50 kg	40	
	9200	– – Að þyngd 50 kg eða meira	40	
0104		**Lifandi sauðfé og geitfé:**		
	1000	– Sauðfé	40	
	2000	– Geitfé	40	
0105		**Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni Gallus domesticus, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni:**		
		– Að þyngd ekki meira en 185 g:		
	1100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
	1900	– – Aðrir	40	
		– Aðrir:		
	9100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
	9900	– – Annars	40	
0106		**Önnur lifandi dýr:**		
	0001	– Minkar	0	
	0002	– Refir	0	
	0003	– Kanínur	0	
	0009	– Annars	40	

2. KAFLI

Kjöt og ætir hlutar af dýrum

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Vörur sem lýst er í nr. 0201—0208 eða nr. 0210, óhæfar eða henta ekki til manneldis.
b. Þarmar, blöðrur eða magar úr dýrum (nr. 0504) eða dýrablóð (nr. 0511 eða 3002).
c. Dýrafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 (15. kafli).

			A %	E %
0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**		
	1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
	2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	40	
	3000	– Beinlaust	40	
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, frosið:**		
	1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
	2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	40	
	3000	– Beinlaust	40	
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**		
		– Nýtt eða kælt:		
	1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
	1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	40	
	1900	– – Annað	40	
		– Frosið:		
	2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
	2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	40	
	2900	– – Annað	40	
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	40	
		– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:		
	2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
	2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini	40	
	2300	– – Beinlaust	40	
	3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir	40	
		– Annað kindakjöt, fryst:		
	4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	40	
		– – Sneitt á annan hátt, með beini:		
	4201	– – – Svið (sviðahausar)	40	
	4209	– – – Annað	40	
	4300	– – Beinlaust	40	
	5000	– – Geitakjöt	40	
0205	0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**	40	
0206		**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	40	
		– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:		
	2100	– – Tunga	40	
	2200	– – Lifur	40	
	2900	– – Annað	40	

			A %	E %
	3000	– Af svínum, nýtt eða kælt	40	
		– Af svínum, fryst:		
	4100	– – Lifur	40	
	4900	– – Annað	40	
	8000	– Annað, nýtt eða kælt	40	
	9000	– Annað, fryst	40	
0207		**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir	40	
		– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:		
	2100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	40	
	2200	– – Kalkúnar	40	
	2300	– – Endur, gæsir og perluhænsni	40	
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:		
	3100	– – Fitulifur gæsa og anda	40	
	3900	– – Annað	40	
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:		
	4100	– – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus	40	
	4200	– – Af kalkúnum	40	
	4300	– – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum	40	
	5000	– Alifuglalifur, fryst	40	
0208		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Af kanínum eða hérum	40	
	2000	– Froskafætur	40	
		– Annað:		
	9001	– – Hvalkjöt	0	
	9002	– – Hvalafurðir, ót.a.	0	
	9009	– – Annars	40	
0209	0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	40	
0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**		
		– Svínakjöt:		
	1100	– – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	40	
	1200	– – Slög og sneiðar af þeim	40	
	1900	– – Annað	40	
	2000	– Kjöt af dýrum af nautgripakyni	40	
		– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:		
	9001	– – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt	40	
	9009	– – Annars	40	

3. KAFLI

Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Sjávarspendýr (nr. 0106) eða kjöt af þeim (nr. 0208 eða 0210).

b. Fiskur (þar með talið lifur og hrogn), krabbadýr, lindýr eða aðrir vatnahryggleysingjar, dautt og óhæft eða hentar ekki til manneldis vegna tegundar eða ástands (5. kafli); mjöl, einnig fínmalað, eða kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis (nr. 2301).

c. Kavíar eða kavíarlíki unnið úr hrognum (nr. 1604).

			A %	E %
0301		**Lifandi fiskur:**		
	1000	– Skrautfiskur	40	
		– Aðrir lifandi fiskar:		
		– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae):		
	9101	– – – Eldisfiskur, þ.m.t. seiði	40	
	9109	– – – Annar	40	
	9200	– – Áll (Anguilla spp.)	40	
	9300	– – Vatnakarfi	40	
		– – Annar:		
	9901	– – – Laxfiskur ót.a., þ.m.t. seiði	40	
	9909	– – – Annars	40	
0302		**Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:**		
		– Laxfiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
		– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae) :		
	1101	– – – Eldissilungur	0	
	1109	– – – Annar	0	
		– – Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):		
	1201	– – – Eldislax	0	
	1209	– – – Annar	0	
	1900	– – Annar	0	
		– Flatfiskur (Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae og Citharidae), þó ekki lifur og hrogn:		
		– – Lúða (Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis):		
	2101	– – – Grálúða	0	
	2102	– – – Lúða	0	
	2109	– – – Annar	0	
	2200	– – Skarkoli (Pleuronectes platessa)	0	
	2300	– – Sólflúra (Solea spp.)	0	
	2900	– – Annar	0	
		– Túnfiskur (af ættkvíslinni Thunnus), röndótti túnfiskur eða randmagi (Euthynnus (Katsuwonus) pelamis), þó ekki lifur og hrogn:		
	3100	– – Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (Thunnus alalunga)	0	
	3200	– – Gulugga túnfiskur (Thunnus albacares)	0	
	3300	– – Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	

		A %	E %
3900	– – Annað	0	
4000	– Síld (Clupea harengus, Clupea pallasii), þó ekki lifur og hrogn	0	
5000	– Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus), þó ekki lifur og hrogn	0	
	– Annar fiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
6100	– – Sardínur (Sardina pilchardus, Sardinops spp.), sardínellur (Sardinella spp.), brislingur eða spratti (Sprattus sprattus)	0	
6200	– – Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	0	
6300	– – Ufsi (Pollachius virens)	0	
6400	– – Makríll (Scomber scombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus)	0	
6500	– – Háfur og aðrir háfiskar	0	
6600	– – Áll (Anguilla spp.)	0	
	– – Annars:		
6901	– – – Loðna	0	
6902	– – – Langa	0	
6903	– – – Karfi	0	
6904	– – – Keila	0	
6905	– – – Steinbítur	0	
6906	– – – Skata	0	
6909	– – – Annar	0	
7000	– Lifur og hrogn	0	
0303	**Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:**		
1000	– Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), þó ekki lifur og hrogn	0	
	– Annar lax, þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae):		
2101	– – – Eldissilungur	0	
2109	– – – Annar	0	
	– – Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):		
2201	– – – Eldislax	0	
2209	– – – Annar	0	
2900	– – Annars	0	
	– Flatfiskur (Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae og Citharidae), þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Lúða (Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis):		
3101	– – – Grálúða	0	
3102	– – – Lúða	0	
3109	– – – Önnur	0	
3200	– – Skarkoli (Pleuronectes platessa)	0	
3300	– – Sólflúra (Solea spp.)	0	
3900	– – Annar	0	
	– Túnfiskur (af ættkvíslinni Thunnus), röndótti túnfiskur eða randmagi (Euthynnus (Katsuwonus) pelamis), þó ekki lifur og hrogn:		
4100	– – Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (Thunnus alalunga)	0	
4200	– – Gulugga túnfiskur (Thunnus albacares)	0	
4300	– – Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	
4900	– – Annar	0	
5000	– Síld (Clupea harengus, Clupea pallasii), þó ekki lifur og hrogn	0	

		A %	E %
6000	– Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus), þó ekki lifur og hrogn	0	
	– Annar fiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
7100	– – Sardínur (Sardina pilchardus, Sardinops spp.), sardínellur (Sardinella spp.), brislingur eða spratti (Sprattus sprattus)	0	
7200	– – Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	0	
7300	– – Ufsi (Pollachius virens)	0	
7400	– – Makríll (Scomber scombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus)	0	
7500	– – Háfur og aðrir háfiskar	0	
7600	– – Áll (Anguilla spp.)	0	
7700	– – Sjóvartari (Dicentrarchus labrax, Dicentrarchus punctatus)	0	
7800	– – Lýsingur (Merluccius spp., Urophycis spp.)	0	
	– – Annars:		
7901	– – – Loðna	0	
7902	– – – Langa	0	
7903	– – – Karfi	0	
7904	– – – Keila	0	
7905	– – – Steinbítur	0	
7906	– – – Skata	0	
7909	– – – Annar	0	
	– Lifur og hrogn:		
8001	– – Þorskhrogn til iðnaðar (kramin, sprungin)	0	
8002	– – Önnur hrogn til iðnaðar	0	
8003	– – Loðnuhrogn	0	
8004	– – Valin þorskhrogn	0	
8005	– – Valin matarhrogn, önnur	0	
8006	– – Fisklifur	0	
8009	– – Annað	0	
0304	**Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst:**		
	– Nýtt eða kælt:		
1011	– – Ýsa	0	
1012	– – Þoskur	0	
1013	– – Ufsi	0	
1014	– – Síld	0	
1015	– – Loðna	0	
1016	– – Karfi	0	
1017	– – Langa	0	
1018	– – Keila	0	
1019	– – Annar fiskur, kældur	0	
	– – Flatfiskur:		
1021	– – – Grálúða	0	
1022	– – – Lúða	0	
1029	– – – Annar	0	
1030	– – Annar	0	
	– Fryst flök:		
2011	– – Síld	0	
2012	– – Loðna	0	
2013	– – Flatfiskur, blokkfrystur	0	
2014	– – Flatfiskur, önnur flök	0	
2015	– – Háfur	0	

		A %	E %
2016	– – Hámeri, blokkfryst	0	
2017	– – Hámeri, önnur flök	0	
2018	– – Karfi, blokkfrystur	0	
2019	– – Karfi, önnur flök	0	
2021	– – Langa, blokkfryst	0	
2022	– – Langa, önnur flök	0	
2023	– – Keila, blokkfryst	0	
2024	– – Keila, önnur flök	0	
2025	– – Skata, önnur	0	
2026	– – Steinbítur, blokkfrystur	0	
2027	– – Steinbítur, önnur flök	0	
2028	– – Ufsi, blokkfrystur	0	
2029	– – Ufsi, önnur flök	0	
2031	– – Ýsa, blokkfryst	0	
2032	– – Ýsa, önnur flök	0	
